

Ársskýrsla 2022



Efnisyfirlit

Ávarp stjórnarformanns	2	B-deild	38	Starfsemi	62
Stjórn	5	Lykilstærðir	39	Starfsfólk	63
Lykilstærðir LSR	6	Um B-deild	40	Úr starfseminni	64
Ávöxtun og hrein eign	8	Verðbréf	41	Skipurit LSR	66
Eignir og markaðir	13	Iðgjöld	42	Lög, samþykktir, stefnur og reglur	67
Eignasafn	14	Lífeyrir	43	Ársreikningar	68
Fjárfestingar ársins	16	Skuldbindingar	46	Annual Report	69
Innlend hlutabréf	17	Séreign	52	Overview	70
Erlend hlutabréf	19	Lykilstærðir	53		
Framtakssjóðir	21	Um Séreign	54		
Skuldabréf	22	Verðbréf og ávöxtun	55		
UFS-mat	24	Leið I	56		
Útlán til sjóðfélaga	26	Leið II	57		
A-deild	28	Leið III	58		
Lykilstærðir	29	Iðgjöld og lífeyrir	59		
Um A-deild	30				
Verðbréf	31				
Iðgjöld	32				
Lífeyrir	33				
Skuldbindingar	35				

Ávarp stjórnarformanns

Árið 2022 einkenndist af áskorunum af ýmsu tagi í rekstri LSR. Eftir þrjú gjöful ár fyrir ávöxtun sjóðsins kom niðursveifla sem reyndist af krappara taginu. Umfangsmiklar og kostnaðarsamar aðgerðir stjórnvalda um allan heim til að halda efnahagslífinu gangandi í gegnum COVID-tímabilið sögðu loks til sín og komið var að skuldadögum með tilheyrandi verðbólgu. Innrás Rússa í Úkraínu og ýmsar afleiðingar hennar dýpkuðu öldudalinn á fjármálamörkuðum heimsins enn frekar og úr varð eitt erfiðasta ár fjárfesta á þessari öld.

Þegar upp var staðið reyndist raunávöxtun LSR neikvæð um 12,9% á árinu og spilar þar saman allt í senn niðursveifla á hluta-bréfamörkuðum á heimsvísu, hækkandi vaxtastig sem dró úr ávöxtun á skuldabréfamörkuðum og mikil verðbólga. Það eru ár eins og þessi sem minna okkur á að lífeyrissjóðir horfa til lengri tíma og láta ekki skammtímasveiflur slá sig út af laginu. Góðu árin vega jafnan upp þau erfiðari og hjá LSR er raunávöxtun síðustu 5 ára 4,2% og síðustu 10 ára 4,9%. Sjóðurinn er því töluvert yfir 3,5% viðmiðinu um raunávöxtun lífeyrissjóða þegar horft er til lengri tíma.

Nafnávöxtun LSR árið 2022 var -4,6%, sem þýðir að vel rúmur helmingur af neikvæðri raunávöxtun sjóðsins átti rætur sínar að rekja til hárrar verðbólgu á árinu. Verðbólgan hefur hins vegar ekki bara neikvæð

áhrif á ávöxtun, heldur eru skuldbindingar lífeyrissjóða verðtryggðar og þannig aukast þær hratt þegar verðbólga er há. Til að viðsnúningur náist er ljóst að ábyrgð Seðlabankans og annarra aðila við að ná verðbólgunni niður er mikil, enda er krafa um 3,5% raunávöxtun veruleg áskorun þegar verðbólgan er í hæstu hæðum.

„Það eru ár eins og þessi sem minna okkur á að lífeyrissjóðir horfa til lengri tíma og láta ekki skammtímasveiflur slá sig út af laginu.“

Það er þó ekki bara verðbólgan sem hefur leitt til aukningar á skuldbindingum sjóðsins síðustu misserin. Í desember 2021 innleiddi fjármála- og efnahagsráðuneytið nýjar dánar- og eftirlifendatöflur að tillögu Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga. Þær byggja á nýrri aðferðafræði þar sem spáð er fyrir um að hver árgangur muni ná hærri lífaldri en næstu árgangar á undan í stað þess að gera ráð fyrir að allir aldurshópar á vinnumarkaði nái sama aldri. Þetta leiddi til umtalsverðrar aukningar á skuldbindingum lífeyrissjóða, sem þurftu að gera ráð fyrir að greiða eftirlaun til allra sjóðfélaga í lengri tíma en áður hafði verið gert ráð fyrir.

LSR miðaði við þessar nýju lífslíkuforsendur í uppgjöri sínu fyrir 2021 og leiddu þær m.a. til þess að tryggingafræðileg staða A-deildar það

ár fór úr því að vera jákvæð um 5,6% yfir í að vera neikvæð um 2,7%, sem er munur upp á 8,3 prósentustig. Nauðsynlegt var fyrir sjóðinn að aðlaga réttindaávinnslu sjóðfélaga að þessum breytta veruleika og var ákveðið að gera það í tveimur skrefum. Fyrri skrefið var aðlögun á framtíðarávinnslu og voru þær réttindabreytingar staðfestar af fjármála- og efnahagsráðuneytinu í lok árs 2022. Með breytingunum taka ávinnslutöflur sjóðsins til framtíðar mið af því að dreifa þarf lífeyrisgreiðslum sjóðfélaga yfir lengri tíma og sambærileg breyting var gerð á ávinnslustuðli jafnrar ávinnslu. Heildarréttindi haldast þau sömu en réttindi á mánuði eru lægri, því mánaðarleg fjárhæð greiðist í fleiri mánuði. Ekki er þó nóg að breyta einungis framtíðarávinnslu A-deildar til að koma sjóðnum í betra jafnvægi, nauðsynlegt er einnig að aðlaga áunnin réttindi að þessum nýja veruleika. Til að áfallin skuldbinding sjóðsins sé hin sama fyrir og eftir innleiðingu á spá um hækkandi lífaldur þarf því að lækka áunnin réttindi. Slík aðgerð er þungbær fyrir sjóðinn, en því miður nauðsynleg til að tryggja réttlæti milli kynslóða.

Á síðasta ári voru fimm ár liðin frá því að gerðar voru grundvallar-breytingar á réttindaávinnslu A-deildar LSR, en þann 1. júní 2017 hófu allir nýir sjóðfélagar að ávinna sér aldurstengd réttindi í stað jöfnu ávinnsunnar sem áður hafði verið notuð. Þau sem þegar voru sjóðfélagar á þeim tímapunkti héldu hins vegar jafnri ávinnslu áfram og greiddi ríkissjóður m.a. sérstaka greiðslu, lífeyrisaukasjóð, sem átti að standa undir kostnaðinum við jafna ávinnslu þess hóps til framtíðar. Á síðasta ári hófst vinna stjórnar og starfsfólks sjóðsins við að greina

„Heildarréttindi baldast þau sömu en réttindi á mánuði eru lægri, því mánaðarleg fjárhæð greiðist í fleiri mánuði.“

forsendur og framkvæmd breytinganna. Meðal þess sem sú vinna leiddi í ljós var að ákveðin nýliðun hafði átt sér stað í jafnri ávinnslu sem ekki hafði verið gert ráð fyrir við útreikning lífeyrisaukasjóðs á sínum tíma. Til að fjármagna kostnaðinn við þessa nýliðun greiddi ríkissjóður því 12,3 ma.kr. til A-deildar LSR í lok árs 2022. Þrátt fyrir það stendur lífeyrisaukasjóður enn töluvert höllum fæti og ljóst að leita þarf lausna á stöðu hans á komandi misserum.

Í lok mars á þessu ári voru samþykkt á Alþingi lög sem veita lífeyris-sjóðum aukið svigrúm til fjárfestinga erlendis. Það er mikið fagnaðarefni, enda hefur LSR um nokkurt skeið hvatt til slíkra breytinga. Umfang sjóðsins á íslenskum fjármálamarkaði er orðið slíkt að verulega var farið að þrengja að fjárfestingarkostum og að óbreyttu hefði LSR getað lent í þeirri stöðu að þurfa að fjárfesta í eignum sem sjóðurinn hefði að öðrum kosti ekki fjárfest í. Heimildin verður aukin úr 50% í 65% í tiltölulega smáum skrefum fram til ársins 2036 og er um framfara-skref að ræða sem leiðir til aukinnar áhættudreifingar og öruggari fjárfestinga fyrir sjóðinn.

Síðastliðið haust kom það LSR og öðrum lífeyrissjóðum í opna skjöldu þegar stjórnvöld óskuðu eftir viðræðum við eigendur skuldabréfa

Íbúðalánasjóðs um að gera skuldabréfin upp miðað við höfuðstól og áfallna vexti. Það myndi þýða umtalsvert tap fyrir sjóðfélaga og stenst að mati LSR og annarra lífeyrissjóða ekki lög. Lífeyrissjóðirnir hafa verið samstíga í viðbrögðum við þessum hugmyndum, fært sannfærandi rök fyrir máli sínu og ber að fagna samstöðu sjóðanna í þessu mikla hagsmunamáli.

Áskoranirnar eru vissulega margvíslegar, en sjóðurinn heldur engu að síður áfram að vaxa og eflast að umfangi. Á síðasta ári voru virkir sjóðfélagar að meðaltali 30.590 og hafði þeim fjölgað um ríflega 500 frá árinu áður, auk þess sem 24.244 lífeyrisþegar fengu greitt frá sjóðnum á árinu. Heildareignir sjóðsins til greiðslu lífeyris eru nú 1.293 ma.kr., sem gerir að verkum að LSR er áfram eignamesti lífeyrissjóður landsins.

Það þarf mörg handtök til að halda utan um svo umfangsmikinn rekstur og sjá til þess að sjóðurinn þróist í takt við nútímakröfur sem verða sífellt flóknari og fjölbreyttari. Mig langar að endingu að nota tækifærið og þakka starfsfólki LSR fyrir þeirra störf á árinu, sem voru að vanda unnin af lipurð, færni og fagmennsku. Jafnframt þakka ég sjóðfélögum, launagreiðendum og öðrum sem komu að starfsemi sjóðsins fyrir samstarfið á árinu.

Árni Stefán Jónsson
formaður stjórnar LSR



Stjórn

Stjórn LSR er skipuð 8 stjórnarmönnum. Fjármála- og efnahagsráðherra skipar fjóra, stjórn BSRB skipar tvo, stjórn BHM skipar einn og stjórn Kennarasambands Íslands skipar einn stjórnarmann. Alls kom stjórnin 26 sinnum saman til formlegra fundarhalda á liðnu ári.

Á árinu 2022 var Guðrún Ögmundsdóttir formaður stjórnar. Ragnar Þór Pétursson var varaformaður stjórnar fram að hausti 2022, þegar hann hætti stjórnarstörfum. Magnús Þór Jónsson kom nýr inn í stjórnina í hans stað og Árni Stefán Jónsson tók við varaformennsku. Í ársbyrjun 2023 var Árni Stefán kjörinn formaður stjórnar og Guðrún Ögmundsdóttir kjörin varaformaður.

Stjórn sjóðsins er kjörin til þriggja ára í senn og starfar núverandi stjórn út árið 2023. Stjórn LSR ber ábyrgð á að starfsemi sjóðsins sé í samræmi við gildandi lög og reglur. Eitt af verkefnum stjórnar er að móta innra eftirlit lífeyrissjóðsins og skjalfesta eftirlitsferla.

Endurskoðun ársreikninga LSR er í höndum Ernst & Young en Deloitte sér um innri endurskoðun sjóðsins.

Stjórn LSR

Árni Stefán Jónsson

Formaður stjórnar

Skipaður af stjórn BSRB

Guðrún Ögmundsdóttir

Varaformaður stjórnar

Skipuð af fjármála- og efnahagsráðherra

Áslaug María Friðriksdóttir

Skipuð af fjármála- og efnahagsráðherra

Jökull Heiðdal Úlfsson

Skipuð af fjármála- og efnahagsráðherra

Magnús Þór Jónsson

Skipaður af stjórn KÍ

Unnur Pétursdóttir

Skipuð af stjórn BHM

Viðar Helgason

Skipaður af fjármála- og efnahagsráðherra

Þórveig Þormóðsdóttir

Skipuð af stjórn BSRB



Stjórn LSR 2023

Fremri röð frá vinstri:

Guðrún Ögmundsdóttir varaformaður stjórnar, Árni Stefán Jónsson formaður stjórnar, Unnur Pétursdóttir.

Aftari röð frá vinstri:

Áslaug María Friðriksdóttir, Magnús Þór Jónsson, Jökull Heiðar Úlfsson, Viðar Helgason og Þórveig Þormóðsdóttir.


Lykilstærðir LSR

Lykiltölur LSR


	2022	2021
Nafnávöxtun	-4,6%	15,5%
Hrein raunávöxtun	-12,9%	10,0%
Rekstrarkostn. í hlutf. af meðalstöðu eigna	0,12%	0,12%
Hrein eign til greiðslu lífeyris	1.293.133	1.346.813
Lífeyrir	83.309	76.059
Iðgjöld	44.894	41.121
Veitt lán	16.911	13.479
Fjöldi veittra lána	866	809
Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga	30.590	30.158
Meðalfjöldi lífeyrispega	24.244	23.408

Fjárhæðir í töflu eru í m.kr.


Hrein raunávöxtun




Hrein eign til greiðslu lífeyris (ma.kr.)



Verðbréfaeign 2022



Lífeyrisgreiðslur (ma.kr.)




Samtryggingardeildir


A-deild

A-deild var stofnuð í ársbyrjun 1997 og tekur á móti nýjum sjóðfélögum að uppfylltum aðildarskilyrðum.

Hrein eign til greiðslu lífeyris A-deild
(ma.kr.)




Breyting á hreinni eign á árinu 2022
(ma.kr.)




B-deild

B-deild er eldra réttindakerfi sjóðsins. B-deildinni var lokað fyrir nýjum sjóðfélögum á sama tíma og A-deildin tók til starfa. Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga sameinaðist B-deild þann 1. janúar 2018.

Hrein eign til greiðslu lífeyris B-deild
(ma.kr.)



Breyting á hreinni eign á árinu 2022
(ma.kr.)



Ávöxtun og hrein eign



Nafnávöxtun LSR á árinu 2022 var -4,6% sem samsvarar -12,7% raunávöxtun. Hrein raunávöxtun, þ.e. þegar rekstrarkostnaður hefur verið dreginn frá hreinum fjárfestingartekjum, var -12,9% samanborið við 10,0% árið 2021. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar LSR síðustu fimm árin er 4,3% og meðaltal síðustu tíu ára er 4,9%. Ávöxtun einstakra deilda LSR má sjá í töflunum hér fyrir neðan. Ávöxtun er reiknuð samkvæmt reglum um ársreikninga lífeyrissjóða.


Ávöxtun ársins

	A-deild	B-deild	LSR
Nafnávöxtun	-3,8%	-7,8%	-4,6%
Hrein raunávöxtun	-12,1%	-15,9%	-12,9%
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu 5 ára	4,3%	4,0%	4,3%
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu 10 ára	5,0%	4,8%	4,9%


Ávöxtun ársins

	Séreign Leið I	Séreign Leið II	Séreign Leið III
Nafnávöxtun	-10,6%	-7,6%	9,4%
Hrein raunávöxtun	-18,3%	-15,6%	0,0%
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu 5 ára	4,0%	2,0%	0,8%
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu 10 ára	4,4%	3,2%	1,5%

Hrein raunávöxtun




Fimm ára meðaltal hreinnar raunávöxtunar



Hrein eign LSR til greiðslu lífeyris var 1.293,1 ma.kr. í árslok 2022 sem er um 53,7 ma.kr. lækkun á milli ára, eða 4,0%. Aðstæður á mörkuðum voru afar krefjandi á árinu, sem leiddi til þess að hreinar fjárfestingartekjur sjóðsins (fjárfestingartekjur að fráðregnum fjárfestingargjöldum) voru neikvæðar um 62 ma.kr. fyrir árið í heild. Á árinu 2021 höfðu fjárfestingartekjurnar hins vegar verið jákvæðar um 181 ma.kr. Miklar sveiflur hafa verið á verðbréfamörkuðum undanfarin 10 ár, en eins og sjá má á súluritinu hér til hliðar var 2022 eina árið frá 2013 þar sem hreinar fjárfestingartekjur voru neikvæðar eftir þrjú góð ár þar á undan.


Hreinar fjárfestingartekjur



Hreinar fjárfestingartekjur (m.kr.)

	2022	2021	Breyting
A-deild	(39.513)	138.420	-128,5%
B-deild	(22.145)	40.185	-155,1%
Séreign	(533)	2.368	-122,5%
Samtals	(62.191)	180.973	-134,4%

Frá upphafi árs 2013 til ársloka 2022 hefur samanlögð hrein eign til greiðslu lífeyris aukist um 856,5 ma.kr., úr 436,6 ma.kr. í 1.293,1 ma.kr. Af aukningu eigna á tímabilinu voru fjárfestingartekjur 79,3% eða 679,1 ma.kr. Innborganir ríkissjóðs inn á skuldbindingar og uppgjör skuldbindinga ásamt greiðslu lífeyrisauka námu 202,4 ma.kr. á tímabilinu. Á móti hafa greiðslur lífeyris og kostnaður verið 51,6 ma.kr. umfram iðgjaldagreiðslur og greiðslur vegna lífeyrishækkana í B-deild.



Hrein eign til greiðslu lífeyris		(m.kr.)	
	2022	2021	Breyting
A-deild	1.021.913	1.024.403	-0,2%
B-deild	246.172	297.382	-17,2%
Séreign	25.048	25.029	0,1%
Samtals	1.293.133	1.346.814	-4,0%

Inn- og útlæði einstakra deilda sjóðsins hefur verið afar ólíkt undanfarin tíu ár og þar af leiðandi hefur þróun eigna verið það einnig. Eignir A-deildar hafa til dæmis aukist um 803,5 ma.kr. á tímabilinu á meðan aukning á eignum B-deildar nemur 38,2 ma.kr. Eignir Séreignar hafa aukist um 14,9 ma.kr. eða 145,7% á síðustu tíu árum.

Greining á hækkun eigna 2013-2022

(m.kr.)

	A-deild	B-deild	Séreign	Samtals	Hlutfall
Hreinar fjárfestingartekjur	466.051	202.588	10.415	679.054	79,3%
Iðgjöld ásamt lífeyrishækkunum umfram lífeyrisgreiðslur og kostnað	207.888	(263.935)	4.438	(51.608)	-6,0%
Greiðslur ríkissjóðs inn á skuldbindingar og uppgjör skuldbindinga	10.418	72.901	0	83.319	9,7%
Greiðslur vegna lífeyrisauka	119.110	0	0	119.110	13,9%
Sameining Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga við B-deild	0	26.614	0	26.614	3,1%
Samtals hækkun eigna síðastliðin 10 ár	803.467	38.168	14.853	856.488	100%

Eignir og markaðir




Eignasafn

Í árslok 2022 stóð samantlagt eignasafn LSR í 1.292,5 mö.kr. sem er lækkun um 53 ma.kr. frá fyrra ári. Þrátt fyrir að síðastliðið ár hafi verið krefjandi fyrir flesta verðbréfamarkaði á heimsvísu hefur eignasafn sjóðsins vaxið jafnt og þétt á undanförunum árum. Á síðastliðnum fimm árum, eða frá lokum árs 2017, hefur eignasafnið vaxið um 467,4 ma.kr. Á því tímabili námu hreinar fjárfestingartekjur sjóðsins tæpum 461,5 ma.kr. og því má sjá að fjárfestingartekjur mynda langstærsta hluta eignaaaukningar sjóðsins á síðustu árum.

Eignasafn sjóðsins í árslok skiptist þannig að eign í skuldabréfum var 565,7 ma.kr., eign í hlutabréfum og hlutdeildarskírteinum var 672,7 ma.kr. og innlán námu 53,9 mö.kr. Hlutfall eigna í erlendri mynt var tæplega 41% og hlutfall verðtryggðra eigna var um 34,3% af eignasafni sjóðsins í árslok 2022.

Undanfarin ár hefur hlutfall hlutabréfa farið vaxandi í eignasafni sjóðsins. Sú þróun endurspeglar þann áhættuvilja sem sjóðurinn hefur markað sér. Einn þáttur í þeirri vegferð eru auknar fjárfestingar á erlendum mörkuðum sem eykur við eigna- og áhættudreifingu í eignasafni LSR, enda er safnið mjög stórt í samanburði við íslenska hagkerfið. Í eignastýringu sjóðsins er leitast við að hafa dreifingu í eignasafninu sem mesta, með hagkvæmasta samvali verðbréfa og með hliðsjón af landsvæðum, atvinnugreinum, útgefendum og gjaldmiðlum. Jafnframt er tekið tillit til umhverfislegra þátta, félagslegra þátta og stjórnarháttanna við mat á fjárhagslegri áhættu fjárfestingarkosta í samræmi við fjárfestingarstefnu, eigendastefnu og stefnu sjóðsins um ábyrgar fjárfestingar.

Verðbréfaeign 2022



Eignasafn (m.kr.)				
Eignaflokkar	A-deild	B-deild	Séreign	Samtals
Skuldabréf - ríki og sveitarfélög	204.132	55.762	882	260.775
Ríkisbréf	174.224	50.288	641	225.153
Sveitarfélagabréf	29.907	5.474	241	35.623
Fasteignaveðtryggð verðbréf	149.194	27.980	216	177.391
Sjóðfélagalán	93.077	20.982	0	114.059
Veðskuldabréf og -sjóðir	24.278	1.712	0	25.990
Sértryggð bréf	31.840	5.286	216	37.342
Erlend skuldabréf	25.877	1.858	0	27.734
Erlend skuldabréf	25.877	1.858	0	27.734
Skuldabréf - önnur	81.968	13.431	4.498	99.897
Fyrirtækjabréf	72.520	11.163	0	83.683
Lánastofnanabréf	7.822	2.055	0	9.877
Skuldabréfasjóðir	1.625	214	4.498	6.337
Laust fé	27.186	14.628	12.172	53.986
Innlán	21.130	14.628	12.172	47.929
Lausafjársgjóðir	6.056	0	0	6.056
Innlend hlutabréf	152.510	38.965	1.215	192.690
Innlend hlutabréf	140.735	37.680	1.215	179.630
Innlendir framtakssjóðir	11.775	1.285	0	13.060
Erlend hlutabréf	378.902	95.139	6.012	480.053
Erlend hlutabréf	290.836	93.583	6.012	390.430
Erlendir framtakssjóðir	88.067	1.556	0	89.623
Eignasafn alls	1.019.769	247.762	24.994	1.292.525

Hlutföll			
A-deild	B-deild	Séreign	Samtals
20,0%	22,5%	3,5%	20,2%
17,1%	20,3%	2,6%	17,4%
2,9%	2,2%	1,0%	2,8%
14,6%	11,3%	0,9%	13,7%
9,1%	8,5%	0,0%	8,8%
2,4%	0,7%	0,0%	2,0%
3,1%	2,1%	0,9%	2,9%
2,5%	0,7%	0,0%	2,1%
2,5%	0,7%	0,0%	2,1%
8,0%	5,4%	18,0%	7,7%
7,1%	4,5%	0,0%	6,5%
0,8%	0,8%	0,0%	0,8%
0,2%	0,1%	18,0%	0,5%
2,7%	5,9%	48,7%	4,2%
2,1%	5,9%	48,7%	3,7%
0,6%	0,0%	0,0%	0,5%
15,0%	15,7%	4,9%	14,9%
13,8%	15,2%	4,9%	13,9%
1,2%	0,5%	0,0%	1,0%
37,2%	38,4%	24,1%	37,1%
28,5%	37,8%	24,1%	30,2%
8,6%	0,6%	0,0%	6,9%
100%	100%	100%	100%

Fjárfestingar ársins

Á árinu 2022 keypti LSR verðbréf og veitti lán fyrir samtals 72,8 ma.kr. að teknu tilliti til seldra bréfa og uppgreiddra lána. Í A-deild og Séreign eru fjárfestingar umfram sölur en í B-deild er þessu öfugt farið, sem er í takti við mismunandi fjárstreymi sjóðanna. A-deild er ungur og ört vaxandi sjóður og greidd iðgjöld til A-deildar eru mun hærri en greiddar lífeyrisgreiðslur. B-deild, sem er lokuð fyrir nýjum sjóðfélögum, er með neikvætt greiðsluflæði og er greiddur lífeyrir til sjóðfélaga mun hærri en þau iðgjöld sem sjóðurinn fær til sín. Af þeim sökum þarf B-deild að selja eignir til að standa undir mánaðarlegum lífeyrisgreiðslum og því er meginstefna deildarinnar að fjárfesta í seljanlegum eignum.

Kaup á skuldabréfum námu 32,1 ma.kr., að teknu tilliti til sölu og uppgreiðslna á skuldabréfum. Útlán til sjóðfélaga voru 1,9 ma.kr. umfram uppgreidd lán á árinu. Fjárfestingar sjóðsins í grænum og félagslegum skuldabréfum námu 5,1 ma.kr. í tíu skuldabréfaútgáfum.

Nettófjárfestingar (m.kr.)

Eignaflokkar	A-deild	B-deild	Séreign	Samtals
Skuldabréf - ríki og sveitarfélög	9.530	(1.586)	0	7.945
Ríkisbréf	5.525	(1.590)	0	3.935
Sveitarfélagabréf	4.005	5	0	4.010
Fasteignaveðtryggð verðbréf	5.699	(1.036)	0	4.663
Sjóðfélagalán	2.965	(1.036)	0	1.929
Veðskuldabréf og -sjóðir	749	0	0	749
Sértryggð bréf	1.985	0	0	1.985
Erlend skuldabréf	5.083	(584)	0	4.499
Erlend skuldabréf	5.083	(584)	0	4.499
Skuldabréf - önnur	15.656	(514)	(103)	15.039
Fyrirtækjabréf	13.618	0	0	13.618
Lánastofnanabréf	2.277	0	0	2.277
Skuldabréfasjóðir	(239)	(514)	(103)	(856)
Laust fé	6.000	(6.391)	278	(113)
Innlán	0	0	278	278
Lausafjársjóðir	6.000	(6.391)	0	(391)
Innlend hlutabréf	14.592	(707)	(987)	12.898
Innlend hlutabréf	11.009	(675)	(987)	9.348
Innlendir framtakssjóðir	3.582	(32)	0	3.550
Erlend hlutabréf	28.587	(1.544)	816	27.860
Erlend hlutabréf	15.755	(1.425)	816	15.146
Erlendir framtakssjóðir	12.832	(119)	0	12.714
Fjárfestingar alls	85.147	(12.362)	5	72.790

Fjárfestingar í innlendum hlutabréfum og hlutdeildarskírteinum námu 12,8 mö.kr., þar af voru um 9,3 ma.kr. í skráðum og óskráðum hlutabréfum á innlendum markaði. Fjárfestingar í erlendum hlutabréfum umfram sölur námu 27,9 mö.kr. sem skiptist þannig að 15,1 ma.kr. voru í skráðum hlutabréfum í gegnum hlutabréfasjóði og 12,7 ma.kr. voru í áskriftarsjóðum, að teknu tilliti til endurgreiðslna frá sjóðunum.

Fjárfestingar í verðbréfasjóðum, bæði vísitölusjóðum og sjóðum sem beita virkri stýringu, sem hafa sjálfbærar áherslur eða loftslagstengd markmið í fjárfestingarstefnu sinni námu um 56 mö.kr. á árinu. Því til viðbótar koma skuldbindingar LSR í áskriftarsjóði með sjálfbærni að markmiði sem munu koma til fjárfestinga á næstu árum. Með þessum fjárfestingum, auk fjárfestinga í grænum og félagslegum skuldabréfum, hefur LSR stigið stór skref í átt að sjálfbærara eignasafni.

Innlend hlutabréf

Innlend hlutabréf í eignasafni LSR námu tæpum 180 mö.kr. í lok árs 2022. Þau skiptast þannig að skráð bréf voru 163,2 ma.kr. og óskráð bréf voru 16,5 ma.kr. Safnið er vel dreift á flestar atvinnugreinar landsins og stærstu stöður sjóðsins í skráðum félögum voru Brim, Arion banki og Marel. Stærstu stöður sjóðsins í óskráðum félögum eru Eyrir Invest, sem er að stærstum hluta óbeinn eignahlutur í Marel, Jarðvarmi og Blávarmi.

Innlend hlutabréf í safni LSR, að teknu tilliti til framtakssjóða, lækkuðu á árinu um -12,8% en þau félög sem skiluðu hæstu ávöxtun á árinu í safni sjóðsins voru Brim, Hagar og Reitir. Til samanburðar lækkaði heildarvísitalan OMXIGI um 12% og OMXI10 vísitalan, sem endurspeglar 10 veltumestu félögin í kauphöllinni, um 24%.

Tíu stærstu útgefendur innlendra hlutabréfa í safni LSR í árslok

	m.kr.	Hlutfall
Brim hf.	32.173	17,9%
Arion banki hf.	21.593	12,0%
Marel hf.	19.430	10,8%
Íslandsbanki hf.	17.937	10,0%
Hagar hf.	11.174	6,2%
Össur hf.	10.867	6,0%
Kvika banki hf.	8.817	4,9%
Festi hf.	7.654	4,3%
Reitir fasteignafélag hf.	6.990	3,9%
Síminn hf.	5.842	3,3%

Miklar lækkanir voru á innlendum hlutabréfamarkaði á árinu 2022 sem rekja má m.a. til aukinnar verðbólgu og hækkandi vaxta á alþjóðlegum mörkuðum. Þrátt fyrir það var grunnrekstur flestra innlendra félaga sterkur og hagkerfið að skila góðum hagvexti. Ávöxtun eftir félögum var þó misgóð og því ánægjulegt að sjá þriðjung félaga í kauphöllinni hækka á árinu og ber þar helst að nefna sjávarútvegsfélögin sem skiluðu góðri ávöxtun.

Þau félög sem sækja viðskipti sín út fyrir landsteinana og hreyfast meira eftir alþjóðamörkuðum drógu hins vegar markaðsvísitölur niður. Þar fór Marel fremst í flokki en félagið, sem hefur um árabíl verið það stærsta í kauphöllinni, lækkaði um 44% á árinu. Ástæður lækkunarinnar má rekja til minnkandi eftirspurnar og brostinna áfangakeðja í kjölfar COVID 19-faraldursins auk stríðsins í Úkraínu. Þessar ástæður, ásamt hækkandi vöxtum og aukinni verðbólgu ollu fleiri félögum vandræðum á árinu, mismikið þó.

Önnur tíðindi sem voru jákvæðari voru skref Íslands inn í alþjóðlegar vísitölur nýmarkaðsríkja FTSE Russell og nýskráningar þriggja félaga á Aðalmarkað Nasdaq OMX. Þetta voru Nova, Ölgerðin og Alvotech, sem er orðið eitt stærsta félag kauphallarinnar. Safn óskráðra innlendra hlutabréfa lækkaði á árinu og er lækkunin nær öll tilkomin vegna niðurfærslu á eignarhlut í Eyri Invest, stærsta hluthafa Marels. Aðrar eignir í safni óskráðra hlutabréfa hjá sjóðnum eru helstar eignahlutur í Jarðvarma sem á helmingshlut í HS Orku og í Blávarma sem á hlut í Bláa Lóninu sem fyrirhugað er að skrá á markað á árinu 2023.

Þróun OMXIGI og OMXI10GI á árinu (hlutabréfavísitala)



Innlendir framtakssjóðir og óskráð hlutabréf

Framtakssjóðir eru sjóðir sem fjárfesta í óskráðum félögum á mismunandi fjárfestingarstigum með það meginmarkmið að auka virðissköpun og vöxt félaga í sjóðunum. Undir framtakssjóði falla því einnig nýsköpunarsjóðir, sem fjárfesta í félögum á fyrstu árum starfsemi sinnar. Sjóðirnir eru áskriftarsjóðir, þ.e. þeir kalla inn fjármagn á fjárfestingartíma sjóðanna. Eignir LSR í innlendum framtakssjóðum námu liðlega 13,0 mö.kr. í árslok 2022 og stærstu eignir í safninu voru eignahlutir í SÍA III slhf. og SÍA IV slhf., Frumtaki II slhf. og Iðunni framtakssjóði slhf.

Erlend hlutabréf

Erlend hlutabréf í safni LSR, skráð hlutabréf og óskráð verðbréf í framtakssjóðum, skiluðu -12,3% nafnávöxtun, reiknað í krónum. Til samanburðar lækkaði heimsvísitala hlutabréfa, MSCI vísitalan, um 10,8% og MSCI ACWI vísitalan um 11,1%, reiknað í krónum. Báðar vísitölurnar reikna ávöxtun hlutabréfa á heimsvísu en hin síðarnefnda tekur einnig tillit til hlutabréfa í nýmarkaðsríkjum (e. emerging markets) og endurspeglar því betur erlent hlutabréfasafn LSR. Sé horft á árangur markaða eftir svæðum þá lækkuðu hlutabréf í nýmarkaðsríkjum og Bandaríkjunum ívið meira en í Evrópu. Meðal annars vegna þess skilaði hlutabréfasafn LSR ávöxtun undir viðmiði en hlutdeild bandarískra vaxtarfélaga (e. growth) var hærra í safni sjóðsins en viðmiðunarvísitölu.

Það þarf að fara töluvert langt aftur í sögulegu tilliti til að sjá álíka þróun á verðbréfamörkuðum og átti sér stað á árinu. Allir helstu eignamarkaðir, hlutabréfa- og skuldabréfamarkaðir meðtaldir, lækkuðu á sama tíma enda erfiðleikar og ógnir á borð við verðbólgu, háa vexti, stríð og afleiðingar af COVID 19-faraldrinum ekki bundin við afmörkuð heimssvæði eða tiltekna eignamarkaði.

Þróun gengisvísitölu krónunnar á árinu



Þróun MSCI og MSCI ACWI með arði (USD) á árinu



Árið hófst með innrás Rússa í Úkraínu, sem hefur valdið usla á hrávörumörkuðum og leitt af sér miklar hækkanir innflutningsverðs um allan heim en þar vógu þyngst orkuverðshækkanir í Evrópu. Þessi vandamál hafa m.a. orðið til þess að verðbólga hefur aukist mikið á heimsvísu og ekki verið meiri í áratugi. Seðlabankar hafa hert á taumhaldi með bröttum vaxtahækkunum til að sporna gegn verðbólgunni og er viðbúið að þeir verði áfram í hækkunarfasa á næstu misserum. Verðbólga, vaxtahækkanir og versnandi efnahagshorfur á árinu 2022 skýra þessar lækkanir á erlendum hlutabréfamörkuðum og gera má ráð fyrir að þessir þættir setji áfram svip sinn á hlutabréfaverð á næstunni. Til að bæta enn frekar á óvissu á alþjóðlegum mörkuðum hefur fall Silicon Valley Bank og yfirtaka UBS á Credit Suisse í mars 2023 haft talsverð áhrif á eignamarkaði og skapað ugg hjá fjárfestum varðandi þau áhrif sem þetta kann að hafa á aðra litla og meðalstóra banka, sérstaklega í Bandaríkjunum.

LSR er í samstarfi við eignastýringaraðila um ávöxtun fjármuna sjóðsins á erlendum verðbréfamörkuðum, bæði skráðum og óskráðum. Við val á þeim er horft til marga þátta, m.a. mismunandi fjárfestingarstefnu og aðferðafræði, áhættudreifingar, reynslu, árangurs, kostnaðar og sjálfbærnivíðmiða. LSR fjárfestir bæði í vísitölusjóðum og sjóðum sem beita virkri stýringu við val á eignum og leggur áherslu á góða dreifingu í verðbréfasafni sjóðsins.

LSR er langtímafjárfestir og leitast eftir því að vera ábyrgur fjárfestir. Mikilvægt er að eignastýringaraðilar hafi sett sér virka stefnu í um-

Tíu stærstu rekstraraðilar í safni erlendra hlutabréfa í árslok

Rekstraraðilar	m.kr.	Hlutfall
Vanguard Group	53.039	13,6%
State Street Global Markets	48.269	12,4%
MFS Investment Funds	43.553	11,2%
Morgan Stanley	40.193	10,3%
Wellington Management Company	35.916	9,2%
Storebrand Asset Management AS	29.583	7,6%
T.Rowe Price	27.740	7,1%
JP Morgan Asset Management	19.426	5,0%
Jupiter Fund Management	16.647	4,3%
GuardCap Asset Management	15.817	4,1%

hverfislegum og félagslegum þáttum sem og stjórnarháttum (UFS) og geti með greinargóðum hætti sýnt fram á að unnið sé eftir þeirri stefnu við mat og eftirfylgni fjárfestinga. LSR framkvæmir UFS mat á eignasafninu og birtir á heimasíðu sinni. Þannig getur sjóðurinn bæði metið einstaka útgefendur verðbréfa og verðbréfasjóða en einnig metið þróun safnsins frá einum tíma til annars. Sé horft á safn erlendra verðbréfasjóða hjá LSR út frá SFDR-reglugerð Evrópusambandsins um upplýsingagjöf tengda sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu var um 85% af skráðu hlutabréfasafni sjóðsins í verðbréfasjóðum þar sem sjálfbærni hefur verið innleidd í fjárfestingarferli sjóðs (Article 8 skv. SFDR reglugerð ESB) eða í verðbréfasjóðum sem hafa sérstök sjálfbærnimarkmið (Article 9 skv. SFDR reglugerð ESB).

Erlendir framtakssjóðir

Erlendir framtakssjóðir í safni LSR fjárfesta í óskráðum félögum á mismunandi fjárfestingastigum, þó aðallega meðalstórum og stórum félögum, í því augnamiði að auka við vöxt og virðissköpun félaga á heimsvísu. Til viðbótar við fjárfestingar í félögum fjárfestir LSR í innviðasjóðum sem horfa til fjárfestingartækifæra í innviðum, aðallega í Evrópu og í Bandaríkjunum.

Safn erlendra framtakssjóða hefur farið stækkandi á undanförunum árum, en þó einkum í A-deild. Eignir LSR í erlendum framtakssjóðum námu 89,6 mö.kr. í árslok 2022 sem samsvarar 6,9% af heildareignum LSR en 8,6% sé einungis litið til hlutfalls í eignasafni A-deildar.

Tíu stærstu rekstraraðilar í safni erlendra framtakssjóða í árslok

Rekstraraðilar	m.kr.	Hlutfall
Morgan Stanley AIP	19.182	21,4%
KKR & Co. Inc.	9.731	10,9%
New Mountain Capital LLC	9.676	10,8%
Partners Group AG	7.302	8,1%
Warburg Pincus LLC	7.183	8,0%
Blackstone Capital Partners	5.397	6,0%
Carlyle Investment Management LLC	5.316	5,9%
LGT Capital Partners	5.241	5,8%
BMO Global Asset Management	5.091	5,7%
AlpInvest Partners	3.718	4,1%


Skuldabréf

Innlent skuldabréfasafn LSR nam 538,1 ma.kr. í árslok 2022. Safnið er vel dreift á ólíka skuldabréfaflokka, bæði verðtryggð og óverðtryggð skuldabréf, en stærstu flokkarnir eru skuldabréf með ríkisábyrgð, útlán til sjóðfélaga og fyrirtækjaskuldabréf. Nafnávöxtun skuldabréfasafns LSR var 4,9% á árinu 2022 sem samsvarar -4,0% raunávöxtun.


Á árinu varð skarpur viðsnúningur í vaxtaþróun í takt við þróun á heimsvísu. Verðbólga hérlandis nam 9,3% í árslok, sem má að miklu leyti rekja til verðhækkana á innfluttum vörum og hækkandi húsnæðisverðs. Taumhald peningastefnu Seðlabanka Íslands var hert til muna en bankinn hækkaði meginvexti sína um 4 prósentustig á árinu, úr 2,0% í 6,0%, til að bregðast við hárri verðbólgu. Efnahagsbatinn var hraðari og kraftmeiri á árinu 2022 en vonir stóðu til og var hagvöxtur töluverður, m.a. vegna kröftugrar einkaneyslu þrátt fyrir vaxtahækkanir og verðbólgu. Ferðapjónusta hérlandis er í sókn og atvinnuleysi í lok árs var aðeins um 3,4%.

Vísitala verðtryggðra viðmiðunarskuldabréfa (NOMXIREAL) stóð í stað á árinu og vísitala óverðtryggðra viðmiðunarskuldabréfa (NOMXINOM) lækkaði um 4,23%. Hækkun meginvaxta Seðlabanka Íslands á árinu og aðrir óvissupættir í efnahagsmálum leiddu til þess að ávöxtunarkrafa skuldabréfa hækkaði og þar með lækkaði virði þeirra skuldabréfa sem LSR færir á markaðsvirði.

Þróun ávöxtunarkröfu óverðtryggðra ríkisskuldabréfa (RIKB) á árinu



Þróun ávöxtunarkröfu verðtryggðra ríkisskuldabréfa (RIKS) á árinu




Á móti þeirri lækkun vó ávöxtun þeirra skuldabréfa sem LSR færir á kaupkröfu og ætlað er að halda allt til lokagjaldþaga en hlutfall þeirra nam 56% af skuldabréfasafni sjóðsins í lok ársins 2022. Ávöxtun skuldabréfasafns LSR í heild sinni var því jákvæð um 4,9%.

Yfirlýsing fjármálaráðherra í október sl. um mögulegar aðgerðir vegna stöðu ÍL-sjóðs höfðu töluverð áhrif á ávöxtun skuldabréfasafnsins. Verðmæti íbúðabréfa sem LSR færir á markaðsvirði lækkaði samtals um 4,4 ma.kr. í kjölfar yfirlýsingarinnar, sem samsvarar 13% lækkun. Framhaldið er óljóst og óvissan er töluverð þar sem lífeyrissjóðirnir hafa gert kröfu um fullar efndir samkvæmt skilmálum skuldabréfanna.

Tíu stærstu útgefendur í safni innlendra skuldabréfa í árslok

Útgefendur	m.kr.	Hlutfall
Íbúðalánasjóður	93.903	17,5%
Ríkissjóður Íslands	68.693	12,8%
Lánasjóður íslenskra námsmanna	56.563	10,5%
Íslandsbanki hf.	19.581	3,6%
Reginn hf.	15.705	2,9%
Reitir fasteignafélag hf.	15.185	2,8%
Landsbankinn hf.	13.721	2,6%
Lánasjóður sveitarfélaga ohf.	12.975	2,4%
Eik fasteignafélag hf.	10.817	2,0%
Reykjavíkurborg	10.725	2,0%

Safn skuldabréfa í árslok



Erlend skuldabréf

Nafnávöxtun ársins fyrir safn erlendra skuldabréfa nam 4,4% sem samsvarar -4,5% raunávöxtun. Safnið samanstendur af skráðum og óskráðum skuldabréfasjóðum sem fjárfesta í skuldabréfum og lánasjóðum þar sem megináhersla er á bein fyrirtækjalán. Eignir sjóðsins í erlendum skuldabréfum námu 27,7 mö.kr. í árslok 2022.

UFS-mat á eignasafni LSR


LSR vinnur samkvæmt stefnu um ábyrgar fjárfestingar en þar er greint frá því að sjóðurinn tekur meðal annars tillit til umhverfispáttá, félagslegspáttá og stjórnarháttá (UFS) við mat á fjárhagslegri áhættu. Umhverfishættir snúa að því hvernig félag gætir að umhverfislegum þáttum starfsemi sinnar, félagsþættir taka á því hvernig félag kemur fram við starfsfólk, birgja, viðskiptavini og samfélagið í heild og stjórnarhættir snúa að stjórnun, starfskjörum, innra eftirliti og réttindum hluthafa.

Að mati LSR hafa UFS-þættir áhrif á rekstur og samkeppnishæfni félaga og leitast sjóðurinn við að þau félög sem fjárfest er í séu sjálfbær í rekstri og stuðli að sjálfbærri nýtingu auðlinda. Það samræmist langtímahagsmunum sjóðsins, sjóðfélaga og samfélagsins í heild.

Mikilvægur þáttur í að fylgja eftir þeirri stefnu er að greina UFS-upplýsingar um fjárfestingar sjóðsins og á árinu 2022 hóf sjóðurinn opinbera birtingu UFS-upplýsinga á vefnum lsr.is. Mat á UFS-þáttum innlendra félaga í eignasafni sjóðsins er fengið frá Reitun hf., sem byggir mat sitt bæði á opinberum upplýsingum og fundum með forsvarsmönnum félaga. Þar er félögum gefin stig fyrir hvern UFS-þátt fyrir sig og þeim svo raðað í flokka eftir einkunn, allt frá A1 niður í D. Eins og sjá má á meðfylgjandi grafi fellur stærstur hluti eignasafns LSR í flokka á bilinu A3 til B3. Reitun leggur ekki mat á ákveðnar tegundir eigna, t.d. óskráð verðbréf og framtakssjóði, og því er ríflega 32% eignasafns LSR ekki með UFS-mat.

UFS-einkunn

Innlent eignasafn LSR 2022




Sé einkunnagjöf í innlendu eignasafni LSR dregin saman er heildareinkunn safnsins 79 af 100 mögulegum. Sundurliðuð einkunn eignasafnsins fyrir umhverfispætti er 79, félagsþætti 82 og fyrir stjórnarhætti 78. Með því að greina UFS-upplýsingar fyrir innlend félög í safninu getur sjóðurinn bæði fylgst með árangri einstakra félaga í safninu en einnig hvernig safnið í heild sinni þróast yfir tíma með tilliti til UFS-þátta.

Hvað varðar erlent eignasafn LSR eru fjárfestingar sjóðsins í gegnum verðbréfa- og fjárfestingarsjóði og þannig er ekki um beint eignarhald í félögum að ræða eins og á innlendum markaði. UFS-mat fyrir erlent eignasafn er því byggt á einkunnagjöf hvers sjóðs. Sjóðirnir sjálfir hafa markað sér UFS-viðmið og eru misjafnir, allt frá því að vera vísitölusjóðir með væg UFS-markmið yfir í sjóði sem gætu flokkast undir það að vera áhrifafjárfestar með skýr og öflug UFS-markmið.

UFS-mat á erlendu eignasafni LSR styðst við áhættumat frá greiningarfyrirtækinu Morningstar. Það notar skalann 1-5 fyrir einkunnagjöf sína, þar sem 5 er besta einkunn. Eignir í eignasafni LSR fá á bilinu 3 til 5 í einkunn, en rétt eins og við mat á innlendum eignum fæst ekki mat á ákveðnar tegundir eigna.

Rétt eins og með innlenda eignasafnið er hægt að fá heildareinkunn fyrir UFS-þætti erlendra eigna, en skalinn er þó reiknaður með öðrum hætti. Nánar má kynna sér UFS-mat eignasafns LSR á vef sjóðsins.

UFS-einkunn sjóða
Erlent eignasafn LSR 2022



Útlán til sjóðfélaga

Útlán LSR til sjóðfélaga á árinu 2022 námu alls um 17 ma. kr. sem er um 3,5 ma.kr. hækkun frá árinu 2021. Veittum lánum fjölgaði á milli ára en alls voru veitt 866 lán á árinu 2022 miðað við 809 lán á árinu 2021. Uppgreiðsla lána nam samtals um 15 ma.kr. á árinu 2022. Á árinu var 860 m.kr. af séreignarsparnaði ráðstafað inn á fasteignalán hjá LSR.

Sjóðfélögum hjá LSR stendur til boða að taka óverðtryggð og verðtryggð lán með vöxtum sem eru fastir í þrjú ár í senn. Á árinu 2022 voru 66,1% veittra lána óverðtryggð og 17,3% veittra lána voru verðtryggð með föstum vöxtum í þrjú ár í senn samkvæmt framangreindu. Sjóðfélögum stendur einnig til boða að taka verðtryggð lán með föstum vöxtum út allan lánstímann og á árinu 2022 námu þau 16,6% veittra lána. Fleiri óverðtryggð lán en verðtryggð voru veitt á árinu 2022 en síðustu þrjá mánuði ársins mátti þó sjá viðsnúning í þeirri þróun þar sem fleiri verðtryggð lán voru veitt en óverðtryggð.

Á árinu 2022 hækkuðu óverðtryggðir vextir sjóðfélagalána úr 4,7% í ársbyrjun í 7,8% við lok árs en minni breytingar urðu hins vegar á vöxtum verðtryggðra lána. Vextir verðtryggðra lána með föstum vöxtum út allan lánstímann voru 2,9% í upphafi árs en höfðu lækkað í 2,8% í lok árs. Vextir verðtryggðra lána með vöxtum sem eru fastir í 3 ár hækkuðu hins vegar úr 2,3% í árbyrjun í 2,4% í árslok.


Hlutfall lána í vanskilum heldur áfram að vera lágt og nam fjárhæð í vanskilum einungis 0,005% af eftirstöðvum sjóðfélagalána í árslok 2022.

LSR hefur lagt áherslu á sjálfvirkni í tengslum við lánsúmsóknir. Þannig er hægt að sækja rafrænt um lán hjá LSR á vef sjóðsins, tengjast sjálfvirku greiðslumati og undirrita fylgiskjöl lána með rafrænum hætti. Með aukinni sjálfvirkni leitast LSR við að einfalda lánsúmsóknarferlið og bæta þjónustu við sjóðfélaga.


Útlán til sjóðfélaga	(m.kr.)		
	2022	2021	Breyting
Veitt lán á árinu			
Fjárhæð	16.911	13.479	20,3%
Fjöldi lána	866	809	6,6%
Meðalfjárhæð	19	17	10,5%
Lán í árslok			
Heildarfjárhæð	114.100	111.350	2,4%
Fjöldi lána	8.168	8.740	-7,0%
Meðalfjárhæð	14	13	8,8%
Upplýsingar um vanskil			
Fjárhæð í vanskilum alls í árslok	5	5	0%
Hlutfall vanskila af sjóðfélagalánum	0,005%	0,004%	20%
Fjöldi lána í meira en þriggja mánaða vanskilum í árslok	19	17	10,5%

Heildarfjárhæð veittra lána til sjóðfélaga

(ma.kr.)




Fjöldi veittra lána til sjóðfélaga




Meðalfjárhæð veittra lána til sjóðfélaga

(m.kr.)



Útistandandi lán til sjóðfélaga

(ma.kr.)



A-deild



A-deild - Lykilstærðir

Nafnávöxtun	-3,8%
Hrein raunávöxtun	-12,1%
Rekstrarkostnaður í hlutfalli af meðalstöðu eigna	0,1%

Hrein eign til greiðslu lífeyris	1.021.913
Hreinar fjárfestingartekjur	(39.513)

Hlutfall eigna í erlendum gjaldmiðlum	41,5%
Hlutfall verðtryggðra eigna	34,4%

Iðgjöld	41.893
Lífeyrir	16.243

Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga	29.377
Meðalfjöldi lífeyrisþega	11.183
Meðalaldur sjóðfélaga	44

Fjárhæðir í töflu eru í m.kr.



Um A-deild


A-deild LSR var stofnuð árið 1997 en samhliða því var eldra réttindakerfi sjóðsins, B-deild, lokað fyrir nýjum sjóðfélögum. Stofnun A-deildar markaði mikil tímamót fyrir LSR þar sem deildin skyldi vera að fullu fjármögnuð með iðgjöldum, en það hafði eldra réttindakerfi ekki verið. Á árinu 2017 var réttindaávinnslu A-deildar breytt úr því að vera jöfn og óháð aldri yfir í að vera aldurstengd auk þess sem óbein bakábyrgð launagreiðenda á lífeyrisréttindum var felld niður.

A-deild LSR hefur starfað í 26 ár sem þykir ekki ýkja langur tími fyrir lífeyrissjóð. Þrátt fyrir það er deildin orðin næststærsti lífeyrissjóður landsins í eignum talið, en hrein eign A-deildar var 1.021,9 ma.kr í árslok 2022. Deildin hefur vaxið um 765,2 ma.kr. á síðastliðnum tíu árum og eru 58% þess vaxtar komin til vegna ávöxtunar.

Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga í A-deild á árinu 2022 var 29.377, sem er fjölgun um 655 sjóðfélaga frá árinu áður, og var meðalaldur virkra sjóðfélaga 44 ár. Lífeyrispegar voru að meðaltali 11.183 á árinu 2022, sem er fjölgun um 1.018 frá árinu áður. Í árslok 2022 áttu 76.949 sjóðfélagar réttindi hjá sjóðnum.


Hrein eign til greiðslu lífeyris

(ma.kr.)



Fjárfestingartekjur

(ma.kr.)



Verðbréf

Í árslok 2022 nam verðbréfaeign A-deildar 1.019,8 mö.kr. Verðbréfaeignin í árslok skiptist samkvæmt meðfylgjandi töflu sem sýnir jafnframt fjárfestingarstefnu A-deildar fyrir árið 2023. Fjárfestingarstefnan gerir ráð fyrir að hlutfall hlutabréfa í safni sjóðsins hækki lítillega á komandi árum og þar með eykst áhættan í verðbréfasafni sjóðsins en væntingar eru til þess að þetta skili hærri ávöxtun til lengri tíma lítið. Eftir sem áður er þó lögð áhersla á eigna- og áhættudreifingu í eignasafninu með hagkvæmasta samvali verðbréfa.

Á árinu keypti A-deild verðbréf og veitti lán fyrir samtals 85,1 ma.kr. að teknu tilliti til seldra bréfa og uppgreiddra lána. Veitt lán til sjóðfélaga voru 3 ma.kr. umfram uppgreiðslur sjóðfélagalána á árinu. Fjárfest var í fyrirtækjaskuldabréfum fyrir 13,6 ma.kr. og skuldabréfum með ríkisábyrgð fyrir 5,5 ma.kr. ásamt því að keypt voru bréf í flestum öðrum flokkum skuldabréfa. Fjárfestingar umfram sölur á innlendum hlutabréfamarkaði námu 14,6 mö.kr. á árinu. Erlendar fjárfestingar umfram sölur námu 33,7 mö.kr. sem voru annars vegar fjárfestingar í hlutabréfasjóðum sem fjárfesta á skráðum hlutabréfamarkaði og hins vegar innkallanir í áskriftarsjóði sem fjárfesta í óskráðum verðbréfum.

Verðbréfaeign A-deildar (m.kr.)

Eignaflokkar	Eign	Hlutfall	Stefna	Vikmörk
Skuldabréf - ríki og sveitarfélög	204.132	20,0%	17%	
Ríkisbréf	174.224	17,1%	14%	10-30%
Sveitarfélagabréf	29.907	2,9%	3%	0-10%
Fasteignaveðtryggð verðbréf	149.194	14,6%	13%	
Sjóðfélagalán	93.077	9,1%	6%	0-15%
Veðskuldabréf og -sjóðir	24.278	2,4%	4%	0-10%
Sértryggð bréf	31.840	3,1%	3%	0-10%
Erlend skuldabréf	25.877	2,5%	5%	
Erlend skuldabréf	25.877	2,5%	5%	0-10%
Skuldabréf - önnur	81.968	8,0%	9%	
Fyrirtækjabréf	72.520	7,1%	7%	0-15%
Lánastofnanabréf	7.822	0,8%	1%	0-5%
Skuldabréfasjóðir	1.625	0,2%	1%	0-5%
Laust fé	27.186	2,7%	1%	
Innlán	21.130	2,1%	1%	0-10%
Lausafjársjóðir	6.056	0,6%	0%	0-5%
Innlend hlutabréf	152.510	15,0%	14%	
Innlend hlutabréf	140.735	13,8%	12%	0-30%
Innlendir framtakssjóðir	11.775	1,2%	2%	0-10%
Erlend hlutabréf	378.902	37,2%	41%	
Erlend hlutabréf	290.836	28,5%	33%	10-50%
Erlendir framtakssjóðir	88.067	8,6%	8%	0-15%
Verðbréfaeign alls	1.019.769	100%	100%	

Iðgjöld

Iðgjald til A-deildar er 15,5% af heildarlaunum, hlutur sjóðfélaga er 4% og launagreiðanda 11,5%. Iðgjaldagreiðslur til A-deildar vegna ársins 2022 námu 41,9 ma.kr. sem er hækkun um 10,1% á milli ára.


Hækkunina má að hluta rekja til fjölgunar á sjóðfélögum en þeim fjölgaði um 2,3% á milli ára. Meirihluti greiðandi sjóðfélaga starfar hjá ríkinu en að uppfylltum ákveðnum aðildarskilyrðum geta einstaklingar sem starfa hjá öðrum launagreiðendum greitt í A-deild.

Réttindaávinnsla hefur verið aldurstengd frá árinu 2017 en meirihluti sjóðfélaga er í jafnri ávinnslu samkvæmt eldra fyrirkomulagi. Þar sem allir nýir sjóðfélagar fara í aldurstengda ávinnslu á meðan engin nýliðun er í jafnri ávinnslu eykst hlutfall sjóðfélaga í aldurstengdri ávinnslu jafnt og þétt með hverju ári. Að meðaltali voru greiðandi sjóðfélagar í aldurstengdri ávinnslu 9.967 í hverjum mánuði á árinu 2022 á meðan sjóðfélagar í jafnri ávinnslu voru 19.469 að meðaltali. Eins og sjá má af grafinu hér til hliðar minnkar bilið milli þessara hópa jafnt og þétt með hverju árinu og má búast við að sjóðfélagar í aldurstengdri ávinnslu verði komnir í meirihluta innan örfárra ára.


Iðgjöld og fjöldatölur

	2022	2021	Breyting
Iðgjöld í m.kr.	41.893	38.061	10,1%
Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga	29.377	28.723	2,3%
Fjöldi með réttindi í árslok	76.949	74.143	3,8%

Iðgjöld
(ma.kr.)



Meðalfjöldi sjóðfélaga eftir tegund ávinnslu




Lífeyrir

Sjóðfélagar A-deildar ávinna sér rétt til ævilangra eftirlauna. Auk þess njóta þeir réttar til örorkulífeyris ef orkutap verður 40% eða meira. Þá á maki rétt á makalífeyri við fráfall sjóðfélaga og börn sjóðfélaga eiga rétt á barnalífeyri við orkutap eða fráfall þeirra.


Hægt er að hefja töku eftirlauna hvenær sem er frá 60 til 80 ára aldurs og ekki er nauðsynlegt að láta af störfum þegar taka eftirlauna hefst. Sama gildir um töku á hálfum lífeyri. Við útreikning eftirlauna er miðað við ákveðinn viðmiðunaraldur og lækka eftirlaun hlutfallslega ef eftirlaunataka hefst fyrir þann aldur, en hækka ef eftirlaunatakan hefst síðar. Viðmiðunaraldur eftirlaunatöku er 67 ár hjá þeim sem eiga rétt á jafnri réttindaávinnslu og ávinnur sjóðfélagi sér árlegan eftirlaunarétt sem nemur 1,98% af meðallaunum. Hjá þeim sjóðfélögum sem eru í aldurstengdri réttindaávinnslu er viðmiðunaraldurinn einnig 67 ár og reiknast fjárhæð eftirlauna út frá réttindatöflum sjóðsins.

Lífeyrisgreiðslur A-deild

(ma.kr.)



Meðalfjöldi lífeyrisþega A-deild



Lífeyrisgreiðslur A-deildar námu 16.243 ma.kr. á árinu 2022 og hækkuðu um 24,8% milli ára. Alls fengu 12.270 lífeyrisþegar greiðslur á árinu 2022 en þeir sem fengu greiðslur að meðaltali í hverjum mánuði voru 11.183. Á liðnu ári hófu 1.257 sjóðfélagar töku eftirlauna samanbórið við 1.055 árið áður.

Meðalaldur lífeyrisþega í árslok 2022 var 68,4 ár og voru 67% af þeim konur en 33% karlar, reiknað án þeirra sem fá greiddan barnalífeyri.

Lífeyrisbyrði deildarinnar þ.e. hlutfall lífeyris af iðgjöldum, er lág enda deildin ung að árum. Lífeyrisbyrði á árinu 2022 var 30,3% en var 34,6% árið áður.

Lífeyrisgreiðslur (m.kr.)

	2022	2021	Breyting
Eftirlaun	12.069	9.317	29,5%
Örorkulífeyrir	3.598	3.198	12,5%
Makalífeyrir	350	293	19,3%
Barnalífeyrir	226	203	11,3%
Samtals	16.243	13.012	24,8%

Fjöldi lífeyrisþega

	2022	2021	Breyting
Eftirlaun	9.169	8.078	13,5%
Örorkulífeyrir	2.424	2.355	2,9%
Makalífeyrir	547	500	9,4%
Barnalífeyrir	877	854	2,7%
Samtals	13.017	11.787	10,4%

Meðalfjárhæð lífeyris (þús.kr.)

	2022	2021	Breyting
Eftirlaun	1.316	1.153	14,1%
Örorkulífeyrir	1.484	1.358	9,3%
Makalífeyrir	639	587	9,0%
Barnalífeyrir	257	238	8,4%
Samtals	1.452	1.280	13,5%

Skuldbindingar

Stjórn LSR fól Talnakönnun hf. að gera tryggingafræðilega úttekt á stöðu sjóðsins í árslok 2022.


Athugun á tryggingafræðilegri stöðu hefur þann tilgang að meta eignir á móti þeim skuldbindingum sem felast í réttindum sjóðfélaga til lífeyris. Skuldbindingin er útreiknuð fjárhæð sem endurspeglar loforð til sjóðfélaga um lífeyrisgreiðslur í framtíðinni. Sjóðurinn þarf að eiga eignir til að standa undir þeim loforðum.

Hækkandi lífaldur kallar á breytingar á réttindum

Meðalævi Íslendinga hefur lengst jafnt og þétt síðustu áratugi og útlit er fyrir að sú þróun muni halda áfram. Þar með geta yngri kynslóðir búist við að njóta fleiri eftirlaunaára en þær sem á undan komu. Við þessu hafa lífeyrissjóðir þurft að bregðast til að tryggja að þau lífeyrisréttindi sem sjóðfélagar ávinna sér yfir ævina dugi til greiðslu lífeyris allan eftirlaunatímann. Ef ekkert yrði að gert yrðu sjóðirnir reknir með viðvarandi halla sem myndi á endanum koma niður á yngri kynslóðum.

Nýjar dánar- og eftirlífendatöflur voru staðfestar af fjármála- og efnahagsráðuneytinu í desember 2021. Þær byggðu á nýrri aðferðafræði þar sem spáð er fyrir um hækkandi lífaldur hverrar kynslóðar fram í tímann í stað þess að miða við fortíðargögn. Í kjölfarið voru nýjar forsendur teknar upp hjá A-deild og hækkðu skuldbindingar sjóðsins um 8,7%, 118.476 ma.kr., vegna þeirra miðað við árslok 2021. Á þeim tímapunkti var réttindaávinnsla A-deildar til framtíðar ekki lengur sjálfbær og því mikilvægt að bregðast við því.

Eignir og skuldbindingar samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt (ma.kr.)



Af þessum sökum tóku gildi nýjar réttindatöflur og ávinnslustuðull hjá A-deild þann 01.01.2023, sem hafa áhrif á réttindaávinnslu sjóðfélaga í framtíðinni. Þessar breytingar hafa hins vegar hvorki áhrif á áunnin lífeyrisréttindi né greiðslur til þeirra sem þegar taka lífeyri. Eftir breytinguna ávinnast svipuð samanlögð heildarréttindi yfir ævina eins og áunnust áður en teknar voru upp nýjar forsendur um lífslíkur sem innihéldu spá um áframhaldandi lengingu á meðalævi. Þar sem lífeyrisgreiðslur munu dreifast á fleiri ár en áður var gert ráð fyrir hafa réttindabreytingarnar hins vegar þau áhrif að árleg eftirlaun lækka. Framangreindar breytingar lækka skuldbindingar A-deildar um 92.058 m.kr. miðað við árslok 2022 og koma þannig sjóðnum í átt að meira jafnvægi.


Tryggingafræðileg staða A-deildar

Skuldbinding A-deildar samanstendur annars vegar af áfallinni skuldbindingu, sem miðast við þau réttindi sem sjóðfélagar hafa þegar áunnið sér af greiddum iðgjöldum miðað við síðustu áramót, og hins vegar við þau réttindi sem áætlað er að núverandi sjóðfélagar muni ávinna sér í framtíðinni fram að töku eftirlauna. Skuldbinding A-deildar var 1.633,5 ma.kr. í árslok 2022 og hækkaði hún um 139,6 ma.kr. milli ára eða 9,3%.

Verði mismunur á heildareignum og heildarskuldbindingum meiri en 10% ber að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum deildarinnar. Einnig þarf að gera breytingar munurinn er umfram 5% í aðra hvora áttina fimm ár í röð.

Tryggingafræðileg úttekt miðað við árslok 2022 sýnir að heildarstaða sjóðsins er neikvæð um 5,8% samanborið við 2,7% neikvæða stöðu í árslok 2021. Ef ekki hefði verið gripið til breytinga á réttindaávinnslu framtíðar hefði staða sjóðsins verið neikvæð um 10,8% í árslok 2022, sem er út fyrir leyfileg mörk sem miðað er við í tryggingafræðilegri úttekt. Við þær aðstæður hefði sjóðnum verið skylt að skerða réttindi.

Í tryggingafræðilegum forsendum er miðað við að ávöxtun eigna deildarinnar verði 3,5% umfram hækkun vísitölu neysluverðs. Til samanburðar hefur meðaltal hreinnar raunávöxtunar verið 3,6% frá stofnun deildarinnar fyrir 25 árum. Ávöxtun er því umfram þær forsendur sem notaðar eru við útreikning á tryggingafræðilegri stöðu

Eignir umfram skuldbindingar

en það vegur hinsvegar á móti að lífslíkur hafa aukist og er nú gert ráð fyrir að sjóðfélagar lifi talsvert lengur en gert var ráð fyrir við stofnun A-deildar. Ef núverandi lífslíkur með spá um lengingu meðalævi eru bornar saman við upphaflegar forsendur um ævilengd sem notaðar voru við stofnun A-deildar sést þessi munur vel. Árið 1997 var reiknað með að meðallífaldur sjóðfélaga sem var 45 ára þá, þ.e. fæddur 1952, væri 81,6 ár. Þegar spáð er í dag um meðallífaldur 45 ára sjóðfélaga, þ.e. einstaklings sem fæddur er 1978, með núverandi forsendum, er meðallífaldurinn hins vegar orðinn um það bil sjö árum lengri. Gert er ráð fyrir að munurinn muni svo aukast jafnt og þétt á næstu árum.

Framangreindar breytingar á réttindum höfðu ekki áhrif á þegar áunnin réttindi sem mynda áfallna stöðu sjóðsins. Áfallin tryggingafræðileg staða, með eignir lífeyrisaukasjóðs í framtíðarstöðu, var neikvæð um 7,1% í lok árs 2022. Eins og áður hefur komið fram er neikvæð staða fyrst og fremst til komin vegna breyttra forsendna varðandi lífslíkur sem tóku gildi í árslok 2021, þar sem nú er miðað við spá um hækkandi lífaldur í framtíðinni. Til að bregðast við hækkandi lífaldri sjóðfélaga hefur stjórn sjóðsins lagt til frekari mótvægisáðgerðir sem fela í sér lækkun áunninna réttinda. Þær breytingar eiga eftir að koma til framkvæmda en gert er ráð fyrir að það verði á árinu 2023. Þeir sjóðfélagar sem náð höfðu 60 ára aldri þann 1. júní 2017 eða voru byrjaðir að þiggja greiðslur frá sjóðnum á þeim tímapunkti verða ekki fyrir áhrifum af framangreindum breytingum. Þetta er samþærig breyting og þegar hefur tekið gildi varðandi framtíðarávinnslu réttinda. Þegar þessi breyting verður komin til framkvæmda mun hún, ásamt fyrrgreindum breytingum á framtíðarávinnslu réttinda, leiða til þess að tryggingafræðileg staða sjóðsins mun komast nær því að vera í jafnvægi.

B-deild



B-deild - Lykilstærðir

Nafnávöxtun	-7,8%
Hrein raunávöxtun	-15,9%
Rekstrarkostnaður í hlutfalli af meðalstöðu eigna	0,2%

Hrein eign til greiðslu lífeyris	246.172
Hreinar fjárfestingartekjur	(22.145)

Hlutfall eigna í erlendum gjaldmiðlum	40,8%
Hlutfall verðtryggðra eigna	36,1%

Iðgjöld	1.233
Lífeyrir	66.330

Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga	1.034
Meðalfjöldi lífeyrisþega	18.204
Meðalaldur sjóðfélaga	61

Fjárhæðir í töflu eru í m.kr.



Um B-deild


Forveri LSR og jafnframt fyrsti lífeyrissjóðurinn sem stofnaður var á Íslandi varð til þann 28. nóvember 1919 með stofnun lífeyrissjóðs fyrir embættismenn. Á árinu 1944 var nafni sjóðsins breytt í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Árið 1997 var sjóðnum svo skipt upp í tvær deildir, eldra réttindakerfið fékk nafnið B-deild en nýtt réttindakerfi nafnið A-deild. Samhliða þessari breytingu var B-deild lokað fyrir nýjum sjóðfélögum.

Þegar B-deild var lokað voru greiðandi sjóðfélagar rúmlega 19 þúsund, en þeim hefur fækkað jafnt og þétt síðan þá. Á árinu 2022 greiddu einungis 1.034 sjóðfélagar iðgjöld til B-deildar að meðaltali, sem er fækkun um 198 frá árinu áður. Í árslok áttu 35.352 sjóðfélagar réttindi hjá sjóðnum, en meðalfjöldi þeirra sem fengu greiddan lífeyri úr deildinni var 18.204.

Hrein eign B-deildar var 246,2 ma.kr. í árslok 2022 og lækkaði um 17,2% á milli ára. Þrátt fyrir að B-deild hafi verið lokað fyrir nýjum sjóðfélögum síðan 1997 hefur hrein eign hennar aukist um 38,1 ma.kr. á síðastliðnum tíu árum. Á sama tíma hafa fjárfestingartekjur numið 202,5 mö.kr. og hefur útflæði úr deildinni í formi lífeyrisgreiðslna umfram innflæði því verið mikið.


Hrein eign til greiðslu lífeyris

(ma.kr.)



Fjárfestingartekjur

(ma.kr.)



Verðbréf

Í árslok 2022 nam verðbréfaeign B-deildar 247,8 mö.kr. Verðbréfaeignin í árslok skiptist samkvæmt meðfylgjandi töflu sem sýnir jafnframt fjárfestingarstefnu B-deildar fyrir árið 2023. Fjárfestingarstefna B-deildar tekur annars vegar mið af því að draga úr áhættu í eignasafni deildarinnar og hins vegar af því að eignir deildarinnar fara minnkandi þar sem útgreiðslur eru hærri en inngreiðslur. B-deild þarf því að selja verðbréf til að standa undir mánaðarlegum lífeyrisgreiðslum.

Á árinu seldi B-deild verðbréf umfram fjárfestingar fyrir 12,4 ma.kr. Uppgreiðslur sjóðfélagalána námu tæplega 1 ma.kr. umfram útlán og sala á skuldabréfum umfram fjárfestingar á innlendum skuldabréfa-markaði nam 2,1 ma.kr. Sala B-deildar umfram fjárfestingar á innlendum hlutabréfum nam 707 m.kr. og sölur og endurgreiðslur í erlendum hlutabréfum og framtakssjóðum umfram fjárfestingar námu 1,5 ma.kr.

Verðbréfaeign B-deildar (m.kr.)

Eignaflokkar	Eign	Hlutfall	Stefna	Vikmörk
Skuldabréf - ríki og sveitarfélög	55.762	22,5%	25%	
Ríkisbréf	50.288	20,3%	20%	10-30%
Sveitarfélagabréf	5.474	2,2%	5%	0-10%
Fasteignaveðtryggð verðbréf	27.980	11,3%	11%	
Sjóðfélagalán	20.982	8,5%	6%	0-15%
Veðskuldabréf og -sjóðir	1.712	0,7%	1%	0-5%
Sértryggð bréf	5.286	2,1%	4%	0-10%
Erlend skuldabréf	1.858	0,7%	2%	
Erlend skuldabréf	1.858	0,7%	2%	0-10%
Skuldabréf - önnur	13.431	5,4%	10%	
Fyrirtækjabréf	11.163	4,5%	5%	0-10%
Lánastofnanabréf	2.055	0,8%	2%	0-5%
Skuldabréfasjóðir	214	0,1%	3%	0-5%
Laust fé	14.628	5,9%	5%	
Innlán	14.628	5,9%	5%	0-10%
Lausafjársgjóðir	0	0,0%	0%	0-5%
Innlend hlutabréf	38.965	15,7%	14%	
Innlend hlutabréf	37.680	15,2%	14%	0-25%
Innlendir framtakssjóðir	1.285	0,5%	0%	0-5%
Erlend hlutabréf	95.139	38,4%	33%	
Erlend hlutabréf	93.583	37,8%	33%	10-50%
Erlendir framtakssjóðir	1.556	0,6%	0%	0-5%
Verðbréfaeign alls	247.762	100%	100%	

Iðgjöld


Iðgjald til B-deildar er 12% af dagvinnulaunum, persónuuppbót, orlofsuppbót og vaktaálagi vegna reglubundinna vakta. Hluti sjóðfélaga er 4% og launagreiðanda 8%. Réttindi sjóðfélaga miðast við þann tíma sem greitt hefur verið í sjóðinn ásamt starfshlutfalli.

Iðgjaldagreiðslur til B-deildar vegna ársins 2022 námu 1.233 m.kr. sem er lækkun um 9,6% á milli ára. Þessa lækkun má rekja til þess að sjóðfélögum sem greiddu iðgjöld fækkaði um 16,1% frá árinu 2021. B-deild LSR hefur verið lokuð fyrir nýjum sjóðfélögum og vinnuveitendum frá því í lok árs 1996 og því fækkar greiðandi sjóðfélögum deildarinnar jafnt og þétt á hverju ári.


Iðgjöld og fjöldatölur

	2022	2021	Breyting
Iðgjöld í m.kr.	1.233	1.364	-9,6%
Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga	1.034	1.232	-16,1%
Fjöldi með réttindi í árslok	35.352	35.913	-1,6%

Iðgjöld
(m.kr.)



Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga



Lífeyrir


Líkt og í A-deild ávinna sjóðfélagar í B-deild sér rétt til ævilangra eftirlauna. Auk þess njóta þeir réttar til örorkulífeyris ef orkutap verður 10% eða meira. Þá á maki rétt á ævilöngum makalífeyri við fráfall sjóðfélaga en makalífeyrir ávinnst á hjúskapartíma og helst sú réttindaávinnsla þrátt fyrir hjúskaparslit. Börn sjóðfélaga eiga rétt á barnalífeyri við orkutap eða fráfall þeirra.

Almennur réttur til töku eftirlauna er við 65 ára aldur. Virkum sjóðfélaga er þó heimilt að hefja töku lífeyris fyrr ef samanlagður lífaldur og greiðslutími til sjóðsins er 95 ár eða meira (95 ára reglan) en þó aldrei fyrir 60 ára aldur.


Lífeyrir reiknast sem hlutfall af launum við starfslok en í ákveðnum tilvikum sem hlutfall af launum vegna 10 ára starfsaldurs í hærri launuðu starfi. Lífeyrisgreiðslur breytast svo í takt við þróun dagvinnulauna hjá opinberum starfsmönnum, annað hvort hjá eftirmanni í starfi eða samkvæmt vísitölu sem Hagstofa Íslands gefur út mánaðarlega og mælir breytingar sem verða á dagvinnulaunum opinberra starfsmanna. Á árinu 2022 hækkaði vísitalan um 7,3% en hækkunin árið á undan var 5,6%.

Lífeyrisgreiðslur B-deild

(ma.kr.)



Meðalfjöldi lífeyrisþega B-deild



Lífeyrisgreiðslur B-deildar námu 66,3 ma.kr. á árinu 2022 og jukust um 6,3% á milli ára. Alls fengu 19.196 lífeyrisþegar greiðslur á árinu 2022 en meðalfjöldi þeirra sem fékk mánaðarlegar greiðslur var 18.204 á árinu. Á liðnu ári hófu 1.025 sjóðfélagar töku eftirlauna samanbórið við 928 árið áður.

Meðalaldur lífeyrisþega í árslok 2022 var 75 ár og voru 67% af þeim konur en 33% karlar, reiknað án þeirra sem fá greiddan barnalífeyri.

Lífeyrisgreiðslur (m.kr.)

	2022	2021	Breyting
Eftirlaun	56.760	53.201	6,7%
Örorkulífeyrir	1.132	1.189	-4,8%
Makalífeyrir	8.426	8.005	5,2%
Barnalífeyrir	6	7	-14,1%
Samtals	66.324	62.403	6,3%

Fjöldi lífeyrisþega

	2022	2021	Breyting
Eftirlaun	16.439	15.972	2,9%
Örorkulífeyrir	1.234	1.293	-4,6%
Makalífeyrir	2.987	2.947	1,4%
Barnalífeyrir	73	77	-5,2%
Samtals	20.733	20.289	2,2%


Meðalfjárhæð lífeyris (þús.kr.)

	2022	2021	Breyting
Eftirlaun	3.453	3.331	3,7%
Örorkulífeyrir	917	920	-0,3%
Makalífeyrir	2.821	2.716	3,8%
Barnalífeyrir	86	95	-9,4%
Samtals	3.199	3.076	4,0%

Af þeim 66,3 ma.kr. sem greiddir voru í lífeyri úr B-deild á síðasta ári voru 27,5 ma.kr. fjármagnaðir með greiðslum frá launagreiðendum til sjóðsins. Samkvæmt lögum nr. 1/1997 um LSR er launagreiðendum í B-deild skylt að endurgreiða þann hluta lífeyris sem tilkominn er vegna hækkunar á áður úrskurðuðum lífeyri fyrrum starfsmanna sinna, svokallaðar lífeyrishækkanir. LSR stendur skil á öllum áunnum réttindum til lífeyrisþega en sjóðurinn eignast kröfu á launagreiðendur sem nemur lífeyrishækkuninni. Hlutfall launagreiðenda í lífeyrisgreiðslum var 41,5% á árinu 2022 en var 41,1% árið áður. Slík hækkun á milli ára er eðlileg í ljósi þess að hlutur launagreiðanda í lífeyrisgreiðslu lífeyrisþegans fer hækkandi því lengur sem lífeyrisþeginn er á lífeyri þar sem allar hækkanir eftir lífeyristöku eru greiddar af viðkomandi launagreiðanda. Samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt er gert ráð fyrir að þetta hlutfall fari því áfram vaxandi í framtíðinni og verði að meðaltali 54,6% frá ársbyrjun 2022 þar til síðasta greiðsla úr sjóðnum er innt af hendi.

Lífeyrishækkanir B-deild

(ma.kr.)



Skuldbindingar


Stjórn LSR fól Talnakönnun hf. að gera tryggingafræðilega úttekt á stöðu B-deildar í árslok 2022. Tryggingafræðileg staða sjóðsins er reiknuð miðað við spá um hækkandi lífaldur í framtíðinni. Spáin er reiknuð út frá sértækum líkum fyrir sjóðfélaga A- og B-deildar LSR sem byggðar eru á reynslu ára 2014 til 2018.

Athugun á tryggingafræðilegri stöðu hefur þann tilgang að meta eignir á móti þeim skuldbindingum sem felast í áunnum réttindum og framtíðarréttindum sjóðfélaga til lífeyris. Skuldbindingin er útreiknuð fjárhæð sem endurspeglar loforð til sjóðfélaga um lífeyrisgreiðslur í framtíðinni.

B-deild á eignir til að mæta 22,1% af áfallinni skuldbindingu en því til viðbótar á hún kröfu á launagreiðendur vegna hlutdeildar í lífeyrisgreiðslum og kröfu á ríkissjóð vegna bakábyrgðar á skuldbindingum. Vegna aukins útlæðis hefur gengið hratt á eignir en hlutfall eigna upp í skuldbindingar nam 36,7% fyrir tíu árum síðan.

Skuldbinding B-deildar samanstendur af áfallinni skuldbindingu annars vegar, sem miðast við þau réttindi sem sjóðfélagar hafa þegar áunnið sér miðað við síðustu áramót, og hins vegar við þau réttindi sem áætlað er að sjóðfélagar muni ávinna sér í framtíðinni fram að töku eftirlauna. Einungis 1,5% af heildarskuldbindingu B-deildar eru vegna réttinda sem sjóðfélagar eiga eftir að ávinna sér í framtíðinni þannig að stærsti hluti af skuldbindingunni er þegar kominn fram sem áfallin skuldbinding.

Núvirtar eignir sem hlutfall af áföllnum skuldbindingum



Áfallin skuldbinding B-deildar var 1.112 ma.kr. í árslok 2022 og hækkaði um 29,9 ma.kr. á milli ára eða 2,8%. Áfallin staða B-deildar var -77,9% í árslok 2022 en var -73,2% árið áður. Hlutfallsleg staða sjóðsins versnar á milli ára og skýrist það af nokkrum þáttum. Sú vísitala sem mælir breytingar á dagvinnulaunum opinberra starfsmanna hækkaði um 7,3% á árinu 2022 en hækkun dagvinnulauna hefur bein áhrif á skuldbindingar sjóðsins. Á sama tíma var hrein nafnávöxtun B-deildar neikvæð um 8,0%, hrein raunávöxtun neikvæð um 15,9% og nettó útfærði úr sjóðnum nam 29,1 ma.kr. á árinu 2022 sem kemur til lækkunar á eignum. Þessir þættir gerðu það að verkum að skuldbindingar B-deildar hækkuðu meira en eignir sjóðsins á síðasta ári.

Gerð er nánari grein fyrir skuldbindingum B-deildar í ársreikningi, bæði í sérstöku yfirliti og í skýringarliðum nr. 14 og 15.

Fjármögnun áfallinnar skuldbindingar í árslok

	Í m.kr.	Hlutdeild	Uppsöfnuð %
Hrein eign til greiðslu lífeyris	246.172	22,1%	22,1%
Endurmat á verðbréfaeign	(685)	-0,1%	22,1%
Krafa á launagreiðendur vegna lífeyrishækkana	606.061	54,5%	76,6%
Krafa á ríkissjóð vegna bakábyrgðar	260.402	23,4%	100%
Áfallin skuldbinding samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt	1.111.950	100%	

Hlutdeild launagreiðenda í skuldbindingum og bakábyrgð ríkissjóðs


Samkvæmt lögum um LSR á B-deild kröfu á hendur launagreiðendum vegna lífeyrishækkana, þ.e. þess hluta lífeyris sem er umfram fyrstu greiðslu lífeyris. Hafi lífeyrisþegi unnið hjá fleiri en einum launagreiðanda skiptist greiðslan hlutfallslega miðað við áunnin réttindi hjá hverjum launagreiðanda fyrir sig.

Sá hluti skuldbindinga sem launagreiðendur eiga að standa undir er metinn 606,1 ma.kr. í árslok 2022 eða um 54,5% af áfallinni skuldbindingu. Krafa á launagreiðendur vegna lífeyrishækkana er tilgreind sem eign utan efnahags í ársreikningi og hún sett fram sem skýring við efnahagsreikning.

Eins og fram hefur komið eru núvirtar eignir B-deildar 22,1% af áföllnum skuldbindingum. Það sem upp á vantar er fjármagnað með kröfu á launagreiðendur og bakábyrgðarkröfu á ríkissjóð. Að teknu tilliti til þessara krafna eru eignir og skuldbindingar B-deildar í jafnvægi.

Réttindakerfi B-deildar er að hluta til byggt upp sem gegnumstreymis-kerfi og að hluta með sjóðsöfnun. Þau réttindi sem sjóðfélagar ávinna sér eru mun meiri en hægt er að standa undir með 12% iðgjaldi. Vegna lokunar B-deildar fyrir nýjum sjóðfélögum og uppbyggingar réttindakerfis sjóðsins liggur fyrir að eignir munu klárast áður en skuldbindingar verða greiddar að fullu. Eftir að sjóðnum var lokað hafa lífeyrisgreiðslur verið margfalt hærri en hefðbundnar iðgjaldagreiðslur

Sundurliðun áfallinnar skuldbindingar eftir ábyrgð
(ma.kr.)




og hefur stærstur hluti af eignamyndun eftir það verið tilkominn vegna ávöxtunar, aukagreiðslna ríkissjóðs og uppgjörs á skuldbindingum. Þegar B-deild getur ekki lengur innt af hendi lífeyrisgreiðslur með tekjum sínum og eignum mun reyna á bakábyrgð sjóðsins.

Áfallin bakábyrgð ríkissjóðs gagnvart B-deild var í árslok 2022 metin 260,4 ma.kr. eða 23,4% af áfallinni skuldbindingu sjóðsins. Á meðfylgjandi súluriti má sjá hvernig bakábyrgð ríkissjóðs hefur þróast undanfarin tíu ár og hvaða áhrif aukagreiðslur ríkissjóðs hafa haft. Bakábyrgðarkrafa á ríkissjóð vegna B-deildar hækkaði um 25,5% á árinu 2022. Hækkun á bakábyrgðarkröfu skýrist m.a. af því að lífeyrisgreiðslur eru talsvert umfram innflæði í sjóðinn og gengur því hratt á eignir sjóðsins vegna þess. Þá voru fjárfestingatekjur sjóðsins neikvæðar um 22,1 ma.kr. á árinu 2022 og kemur hvoru tveggja til lækkunar á eignum sjóðsins. Krafa á launagreiðendur vegna lífeyris-hækkana jókst um 21,0 ma.kr. milli ára eða 3,6%. Hækkun á hlutdeild launagreiðenda í lífeyrisgreiðslum er m.a. afleiðing af launahækkunum.

Ríkissjóður hefur greitt inn á skuldbindingar sínar við B-deild umfram lagaskyldu eins og kemur fram hér neðar í umfjöllun um innborganir ríkissjóðs inn á skuldbindingar. Án aukagreiðslna hefði bakábyrgð ríkissjóðs verið 506,6 ma.kr. í árslok 2022.


Bakábyrgð ríkissjóðs

(ma.kr.)



Hrein eign til greiðslu lífeyris

(ma.kr.)



Innborganir ríkissjóðs inn á skuldbindingar

Eftir að B-deild var lokað fyrir nýjum sjóðfélögum árið 1997 var ljóst að eignir myndu klárast áður en skuldbindingar hefðu verið greiddar að fullu þar sem innflæði í sjóðinn hafði verið skert verulega. Uppsöfnuð áunnin réttindi sjóðfélaga B-deildar voru þá þegar orðin mikil en þau áttu eftir að koma til útgreiðslu í formi lífeyris á næstu 70 árum.


Á árinu 1999 byrjaði ríkissjóður að greiða aukalega til B-deildar með það að markmiði að dreifa greiðslum sínum vegna bakabyrgðar yfir lengri tíma. Hlé var gert á þessum greiðslum árið 2009 en þær hófust aftur á árinu 2017. Síðastliðin sex ár hafa aukagreiðslur úr ríkissjóði numið samtals 59 ma.kr. en þar af voru 8 ma.kr. greiddir á árinu 2022.

Til viðbótar við framangreindar aukagreiðslur hefur ríkissjóður greitt viðbótariðgjöld til B-deildar en þau námu 500 m.kr. á árinu 2022. Alls greiddi ríkissjóður því 8,5 ma.kr. aukalega til sjóðsins á árinu 2022.

Við útgreiðslu lífeyris hefur fyrst verið gengið á aðrar eignir en þær sem ríkissjóður hefur greitt aukalega til B-deildar. Aðrar eignir B-deildar voru uppnar í nóvember 2015 og ef engar aukagreiðslur hefðu komið frá ríkissjóði hefðu allar greiðslur til lífeyrispega þurft að koma úr ríkissjóði frá þeim tímapunkti. Frá nóvember 2015 hafa 219,2 ma.kr. af aukagreiðslum ríkissjóðs til B-deildar verið nýttir til að greiða sjóðfélögum lífeyri. Á sama tímabili hafa greiðslur ríkissjóðs inn á skuldbindingar numið 66,4 mö.kr.

Innborganir ríkisins inn á skuldbindingar

(ma.kr.)




Framtíðarsjóðstreymi

Reiknaðar hafa verið þær greiðslur sem B-deild þarf að greiða lífeyrispegum í framtíðinni vegna réttinda sem þeir hafa áunnið sér og koma til með að ávinna sér fram að töku lífeyris. Á móti lífeyrisgreiðslum fær B-deild greiðslur frá launagreiðendum vegna hlutdeildar þeirra í lífeyrisgreiðslum og þegar eignir til greiðslu lífeyris verða uppnar mun B-deild fá greiðslur frá ríkissjóði vegna bakábyrgðar. Miðað við fast verðlag munu lífeyrisgreiðslur ná hámarki á þessu ári. Greiðslur launagreiðenda vegna hlutdeildar í lífeyrisgreiðslum verða hins vegar í hámarki árin 2029 og 2030 en þær vega mun þyngra í framtíðarsjóðstreyminu en greiðslur vegna bakábyrgðar.

Aukagreiðslur ríkissjóðs hafa styrkt fjárhagsstöðu B-deildar verulega. Í stað þess að B-deild hefði klárað sínar eignir á árinu 2015 er útlit fyrir að það gerist ekki fyrr en 2030. Eins og fram hefur komið hér að framan hóf ríkissjóður aftur aukagreiðslur til B-deildar á árinu 2017 og hefur á síðustu sex árum greitt 59 ma.kr. til deildarinnar. Þessar greiðslur síðastliðin sex ár hafa einar og sér gert það að verkum að B-deild tæmist nú þremur árum seinna en annars hefði gerst.

Ef ekki er gert ráð fyrir frekari aukagreiðslum eftir árslok 2022 þarf ríkissjóður frá og með árinu 2030 að öllu óbreyttu að standa að fullu undir greiðslu lífeyris úr B-deild. Samkvæmt sjóðstreymisgreiningu yrðu greiðslur ríkissjóðs vegna bakábyrgðar að meðaltali 25,0 ma.kr. á ári næstu fimm árin eftir að B-deild tæmist, miðað við verðlag í árslok 2022, en færu svo lækkandi. Á sama tíma munu greiðslur til B-deildar vegna hlutdeildar launagreiðenda í lífeyrisgreiðslum nema 30,7 mö.kr.

Greiðslur til B-deildar árin 2023-2060 á verðlagi ársloka 2022
(ma.kr.)



á ári að meðaltali en stærstur hluti þeirrar fjárhæðar kemur úr ríkissjóði. Á sviðsmynd hér fyrir ofan er ekki gert ráð fyrir frekara aukaframlagi frá ríkissjóði en gert er ráð fyrir að viðbótariðgjöld verði greidd áfram samhliða lögbundnum iðgjöldum um ókomna tíð.

Til þess að tryggja að B-deild geti staðið við skuldbindingar sínar á hverjum tíma með eignum sínum þyrftu árlegar aukagreiðslur frá ríkissjóði að vera að meðaltali 10,6 ma.kr. á ári næstu 30 árin miðað við verðlag í árslok 2022. Ef miðað er við samskonar jafnaðargreiðslu næstu 20 árin þyrftu árlegar aukagreiðslur að vera að meðaltali 15,0 ma.kr. á ári. Samkvæmt fjárlögum er áformað að greiða 8 ma.kr. til B-deildar á árinu 2023.

Séreign



Séreign - Lykilstærðir

	Leið I	Leið II	Leið III
Nafnávöxtun	-10,6%	-7,6%	9,4%
Hrein raunávöxtun	-18,3%	-15,6%	0,0%
Rekstrarkostnaður í hlutfalli af meðalstöðu eigna	0,1%	0,1%	0,1%
Hrein eign til greiðslu lífeyris	10.039	3.121	11.888
Hreinar fjárfestingartekjur	(1.243)	(256)	966
Hlutfall eigna í erlendum gjaldmiðlum	51,8%	26,6%	0,0%
Hlutfall verðtryggðra eigna	22,1%	37,5%	100%
Iðgjöld	-224	108	1.421
Lífeyrir	190	94	452
Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga	970	711	1.311
Meðalfjöldi lífeyrispega	59	25	159
Meðalaldur sjóðfélaga	50	48	60

Fjárhæðir í töflu eru í m.kr.



Um Séreign


Séreign LSR var stofnuð í ársbyrjun 1999. LSR hefur frá upphafi lagt áherslu á örugga vörslu séreignarsparnaðar, góða þjónustu við sjóðfélaga, góða ávöxtun og lágan rekstrarkostnað.

Sjóðfélagar í Séreign geta valið á milli þriggja mismunandi fjárfestingarleiða sem eru með ólíka fjárfestingarstefnu.


Hrein eign Séreignar í árslok 2022 var 25.048 m.kr. og hefur hún vaxið um 14.853 m.kr. á síðastliðnum tíu árum. Á þeim árum hafa fjárfestingartekjur numið 10.415 m.kr. og er 70,1% af vexti eigna á tímabilinu tilkominn vegna ávöxtunar. Á árinu 2022 greiddu að meðaltali 2.994 sjóðfélagar iðgjöld til Séreignar LSR í hverjum mánuði.

Hrein eign til greiðslu lífeyris (m.kr.)		
Fjárfestingarleiðir	2022	2021
Leið I	10.039	11.704
Leið II	3.121	3.365
Leið III	11.888	9.959
Samtals	25.048	25.029

Fjárfestingartekjur (ma.kr.)



Hrein eign til greiðslu lífeyris (ma.kr.)



Verðbréf og ávöxtun

Fjárfestingarleiðir


Sjóðfélagar í Séreign geta valið á milli Leiðar I, Leiðar II, Leiðar III og Sérleiðar. Leið I er hlutabréfaleið og sveiflur í ávöxtun geta verið nokkrar. Leið II leggur áherslu á skuldabréf og eru sveiflur í ávöxtun því jafnan minni. Leið III er innlánsleið þar sem eignir eru ávaxtaðar á verðtryggðum innlánsreikningum, sem lágmarkar sveiflur í ávöxtun.

Markmiðið með að bjóða upp á mismunandi ávöxtunarleiðir er að mæta ólíkum þörfum sjóðfélaga. Því lengri sem ávöxtunartíminn er, því meira er jafnan áhættuþol sjóðfélaga til að standa af sér tímabundnar lækkanir í von um hærri ávöxtun til lengri tíma lítið. En þegar styttist í að útgreiðslur hefjist eru sjóðfélagar líklegri til að vilja minnka áhættu. Sjóðfélögum býðst að skrá sig í svokallaða Sérleið, þar sem inneign sjóðfélaga færist sjálfkrafa úr annað hvort Leið I eða Leið II yfir í Leið III við 55 ára aldur.

Ávöxtun ársins

Fjárfestingarleiðir	Nafnávöxtun	Hrein raunávöxtun
Leið I	-10,6%	-18,3%
Leið II	-7,6%	-15,6%
Leið III	9,4%	0,0%

Fjárfestingarleiðir



Verðbréfaeign

Í árslok 2022 nam verðbréfaeign Séreignar 25.048 m.kr. Eftir hækkanir á verðbréfamörkuðum undanfarin ár varð viðsnúningur á árinu og var þróun á verðbréfamörkuðum óhagstæð fyrir fjárfesta. Lækkanir þvert á flest alla eignamarkaði á heimsvísu endurspeglast í ávöxtun ársins.


Á grafinu hér fyrir ofan má sjá skiptingu verðbréfaeignar milli leiða og tegunda verðbréfa. Í Leið I er hlutfall hlutabréfa um 60% og hlutfall skuldabréfa um 40%. Í Leið II snýst hlutfallið við þar sem hlutbréf eru um 35% en skuldabréf 65%. Leið III er aftur á móti með 100% innlán.

Leið I

Nafnávöxtun Leiðar I á árinu 2022 var -10,6% sem samsvarar -18,3% raunávöxtun þar sem verðbólga ársins mældist 9,3%. Þrátt fyrir neikvæða ávöxtun á árinu 2022 er 5 ára meðaltal hreinnar raunávöxtunar, þ.e. þegar rekstrarkostnaður hefur verið dreginn frá hreinum fjárfestingartekjum, 4,0% og 10 ára meðaltal 4,4%.

Leið I fjárfestir að stærstum hluta í hlutabréfum og lækkuðu hlutabréfamarkaðir hérlandis og erlendis verulega á árinu. Sem dæmi má nefna að MSCI, heimsvísitala erlendra hlutabréfa, lækkaði um 10,8% reiknað í krónum. Einnig voru lækkanir á skuldabréfamörkuðum sem setur mark sitt á ávöxtun ársins.

Hrein raunávöxtun Leiðar I



Verðbréfaeign Leiðar I

(m.kr.)


Eignaflokkar	Eign	Hlutfall	Stefna	Vikmörk
Skuldabréf - ríki og sveitarfélög	536	5,4%	4%	
Ríkisbréf	428	4,3%	3%	0-15%
Sveitarfélagabréf	108	1,1%	1%	0-10%
Fasteignaveðtryggð verðbréf	72	0,7%	1%	
Sjóðfélagalán	0	0,0%	0%	0-0%
Veðskuldabréf og -sjóðir	0	0,0%	0%	0-5%
Sértryggð bréf	72	0,7%	1%	0-5%
Erlend skuldabréf	0	0,0%	0%	
Erlend skuldabréf	0	0,0%	0%	0-0%
Skuldabréf - önnur	3.068	30,6%	28%	
Fyrirtækjabréf	0	0,0%	0%	0-5%
Lánastofnanabréf	0	0,0%	0%	0-5%
Skuldabréfasjóðir	3.068	30,6%	28%	0-50%
Laust fé	188	1,9%	2%	
Innlán	188	1,9%	2%	0-10%
Lausafjársgjóðir	0	0,0%	0%	0-10%
Innlend hlutabréf	969	9,7%	15%	
Innlend hlutabréf	969	9,7%	15%	0-30%
Innlendir framtakssjóðir	0	0,0%	0%	0-0%
Erlend hlutabréf	5.184	51,8%	50%	
Erlend hlutabréf	5.184	51,8%	50%	0-65%
Erlendir framtakssjóðir	0	0,0%	0%	0-0%
Verðbréfaeign alls	10.016	100%	100%	

Leið II

Nafnávöxtun Leiðar II á árinu 2022 var -7,6% sem samsvarar -15,6% raun-ávöxtun þar sem verðbólga ársins mældist 9,3%. Þrátt fyrir neikvæðaávöxtun á árinu 2022 er 5 ára meðaltal hreinnar raunávöxtunar, þ.e. þegar rekstrarkostnaður hefur verið dreginn frá hreinum fjárfestingartekjum, 2,0% og 10 ára meðaltal 3,2%.

Leið II fjárfestir að stærstum hluta í innlendum skuldabréfum. Hækkandi vextir og há verðbólga höfðu áhrif á innlendan skuldabréfamarkað þar semávöxtunarkrafa bæði óverðtryggðra og verðtryggðra skulda-bréfa hækkaði, sem leiðir af sér gengistap skuldabréfa sem endur-speglast íávöxtun ársins. Eins og Leið I þá fjárfestir Leið II að hluta erlendis og höfðu lækkanir á erlendum mörkuðum einnig áhrif áávöxtun leiðarinnar.

Hrein raunávöxtun Leiðar II



Verðbréfaeign Leiðar II


(m.kr.)

Eignaflokkar	Eign	Hlutfall	Stefna	Vikmörk
Skuldabréf - ríki og sveitarfélög	346	11,1%	11%	
Ríkisbréf	213	6,8%	7%	0-15%
Sveitarfélagabréf	133	4,3%	4%	0-10%
Fasteignaveðtryggð verðbréf	144	4,6%	5%	
Sjóðfélagalán	0	0,0%	0%	0-0%
Veðskuldabréf og -sjóðir	0	0,0%	0%	0-0%
Sértryggð bréf	144	4,6%	5%	0-10%
Erlend skuldabréf	0	0,0%	0%	
Erlend skuldabréf	0	0,0%	0%	0-5%
Skuldabréf - önnur	1.430	45,9%	47%	
Fyrirtækjabréf	0	0,0%	0%	0-5%
Lánastofnanabréf	0	0,0%	0%	0-5%
Skuldabréfasjóðir	1.430	45,9%	47%	0-70%
Laust fé	120	3,9%	2%	
Innlán	120	3,9%	2%	0-10%
Lausafjársgjóðir	0	0,0%	0%	0-10%
Innlend hlutabréf	246	7,9%	8%	
Innlend hlutabréf	246	7,9%	8%	0-20%
Innlendir framtakssjóðir	0	0,0%	0%	0-0%
Erlend hlutabréf	828	26,6%	27%	
Erlend hlutabréf	828	26,6%	27%	0-45%
Erlendir framtakssjóðir	0	0,0%	0%	0-0%
Verðbréfaeign alls	3.114	100%	100%	

Leið III

Nafnávöxtun Leiðar III á árinu 2022 var 9,4% sem samsvarar 0,0% raunávöxtun. Fimm ára meðaltal hreinnar raunávöxtunar, þ.e. þegar rekstrarkostnaður hefur verið dreginn frá hreinum fjárfestingartekjum, er 0,8% og 10 ára meðaltal 1,5%.

Hrein raunávöxtun Leiðar III



Verðbréfaeign Leiðar III

(m.kr.)

Eignaflokkar	Eign	Hlutfall	Stefna	Vikmörk
Skuldabréf - ríki og sveitarfélög	0			
Ríkisbréf	0			
Sveitarfélagabréf	0			
Fasteignaveðtryggð verðbréf	0			
Sjóðfélagalán	0			
Veðskuldabréf og -sjóðir	0			
Sértryggð bréf	0			
Erlend skuldabréf	0			
Erlend skuldabréf	0			
Skuldabréf - önnur	0			
Fyrirtækjabréf	0			
Lánastofnanabréf	0			
Skuldabréfasjóðir	0			
Laust fé	11.864	100%	100%	0-100%
Innlán	11.864	100%	100%	0-100%
Lausafjár sjóðir	0			
Innlend hlutabréf	0			
Innlend hlutabréf	0			
Innlendir framtakssjóðir	0			
Erlend hlutabréf	0			
Erlend hlutabréf	0			
Erlendir framtakssjóðir	0			
Verðbréfaeign alls	11.864	100%	100%	


Iðgjöld og lífeyrir

Séreignarsparnaður er sparnaðarform sem launþegar eiga kost á til viðbótar við lögbundinn lífeyrissparnað og er sparnaðurinn persónuleg eign hvers og eins. Launþegar geta greitt á bilinu 2 til 4% af heildarlaunum sínum í séreignarsparnað og fá þá 2% mótframlag frá launagreiðanda og er því um beina launahækkun að ræða. Iðgjald í séreignarlífeyrissjóð er ekki skattlagt við innborgun og myndast því skattalegt hagræði með skattfrestun. Ekki er greiddur fjármagnstekjuskattur á meðan sparnaðurinn er ávaxtaður en tekjuskattur er síðan greiddur við útborgun. Séreign LSR er með rýmri aðildarreglur en aðrar deildir sjóðsins og er í flestum tilvikum nóg að hafa einhverja tengingu við LSR eða þau aðildarfélög sem greiða til sjóðsins til að geta safnað í Séreign LSR.


Iðgjöld og fjöldataölur

	2022	2021	Breyting
Iðgjöld í m.kr.	1.305	1.238	5,4%
Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga	2.994	3.028	-1,1%
Fjöldi með réttindi í árslok	7.643	7.630	0,2%

Iðgjöld
(m.kr.)



Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga




Hægt er að ráðstafa séreignarsparnaði inn á húsnæðislán sem og til kaupa á fyrstu fasteign eða til að auka við ráðstöfunartekjur eftir 60 ára aldur. Eftir að sjóðfélagi nær 60 ára aldri getur hann fengið séreignarlífeyri greiddan í einu lagi eða dreift greiðslum yfir lengri tíma. Við fráfali sjóðfélaga erfist séreignarsparnaður að fullu samkvæmt reglum erfðalaga.


Meðalaldur virkra sjóðfélaga í Séreign LSR var 54 ár í árslok 2022 og var 66% af þeim konur og 34% karlar. Lögjaldagreiðslur til Séreignar vegna ársins 2022 námu 1.768 m.kr. sem er hækkun um 4,2% á milli ára, en 463 m.kr. af greiðslunum var ráðstafað sem greiðslu inn á úrræði vegna fasteignakaupa. Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga var 2.994 á árinu.

Lífeyrisgreiðslur Séreign

(m.kr.)



Meðalfjöldi lífeyrisþega Séreign



Útborgun séreignarlífeyris nam 736,1 m.kr. á árinu 2022 og hækkaði um 15,3% á milli ára. Alls fengu 489 sjóðfélagar greiðslur úr séreignar-sjóði LSR á árinu 2022. Í upphafi árs 2020 heimilaði ríkisstjórnin tímabundna undanþágu á útgreiðslu séreignar vegna Covid-19. Á árinu 2022 nýttu 41 sjóðfélagi þetta úrræði samanborið við 149 sjóðfélaga árið áður og nam fjárhæðin 24 m.kr. á árinu 2022 en árið 2021 var upphæðin 135 m.kr.

Lífeyrisgreiðslur (m.kr.)

	2022	2021	Breyting
Greiðslur til 60 ára og eldri	680	477	42,5%
Aukagreiðsla vegna COVID-19	24	135	-82,5%
Aðrar útgreiðslur	33	27	23,7%
Samtals	736	638	15,3%

Fjöldi lífeyrisþega

	2022	2021	Breyting
Greiðslur til 60 ára og eldri	452	392	15,3%
Aukagreiðsla vegna COVID-19	41	149	-72,5%
Aðrar útgreiðslur	38	38	0,0%
Samtals	531	579	-8,3%

Meðalfjárhæð lífeyris (þús.kr.)

	2022	2021	Breyting
Greiðslur til 60 ára og eldri	1.504	1.217	23,6%
Aukagreiðsla vegna COVID-19	575	905	-36,5%
Aðrar útgreiðslur	864	699	23,7%
Samtals	1.386	1.103	25,7%

Starfsemi



Starfsfólk


Í lok árs 2022 voru 58 starfsmenn hjá LSR í 54 stöðugildum. Hjá LSR starfar fjölbreyttur hópur fólks hvort sem litið er til menntunar, þekkingar eða aldurs. Mikil þekking og starfsreynsla er á meðal starfsfólks en meðalaldur þess er 45,9 ár og meðalstarfsaldur 8,8 ár.

Sjóðurinn hefur sett sér starfsmannastefnu. Markmið hennar er m.a. að styrkja mannauð sjóðsins, laða til starfa hæfa einstaklinga og gefa þeim tækifæri til að nýta kunnáttu sína og frumkvæði í þágu sjóðfélaga. Stefnunni er jafnframt ætlað að vera hvatning fyrir starfsfólk og stjórnendur til að skapa faglegt, krefjandi, skemmtilegt og fjölskylduvænt vinnuumhverfi.


Stuðlað er að heilsuvernd starfsfólks með skipulegum hætti, m.a. með þátttöku sjóðsins í íþróttaiðkun starfsmanna og reglulegri heilsufarsmælingu ásamt yfirferð á vinnuaðstöðu. Starfsfólk er hvatt til að nýta umhverfisvænan ferðamáta allan ársins hring til og frá vinnu og er aðstaðan til þess góð hjá sjóðnum.

Starfsfólk LSR vinnur að markmiði og stefnu lífeyrissjóðsins með gildin virðing, vilji og ánægja að leiðarljósi. Jafnframt er mikilvægt að samfélagslegt hlutverk lífeyrissjóðsins sé haft að leiðarljósi í allri starfsemi hans.

Aldur starfsfólks



Starfsaldur



Úr starfseminni

Tilgreind séreign væntanleg hjá LSR

LSR mun síðar á árinu 2023 bjóða sjóðfélögum að greiða hluta af lífeyrisðgjaldi sínu í tilgreinda séreign. Með því fá sjóðfélagar aukinn sveigjanleika við skipulagningu sinna starfsloka og hvernig lífeyrisðgjaldi þeirra er varið. Með tilgreindri séreign býðst sjóðfélögum að skipta iðgjaldi sínu í sameign og tilgreinda séreign. Hægt er að greiða allt að 3,5% af launum í tilgreinda séreign og þá 12% í sameign.

Helstu einkenni tilgreindrar séreignar eru að hægt er að fá greiðslur frá 62 ára aldri, hún er erfanleg og getur nýst til fyrstu íbúðarkaupa við ákveðin skilyrði. Á móti hefur tilgreind séreign ekki eiginleika samtryggingarlífeyris, sem er að tryggja ævilöng eftirlaun, örorkulífeyri og makalífeyri. Tilgreind séreign kemur jafnframt til skerðingar á greiðslum frá Tryggingastofnun, rétt eins og samtryggingarlífeyrir, en það gildir ekki um hefðbundinn séreignarsparnað. Þannig hentar tilgreind séreign ekki öllum og mælt með að sjóðfélagar sækji sér ráðgjöf hjá sjóðnum áður en tekin er ákvörðun um að hefja greiðslur í tilgreinda séreign.



Óvissa um málefni ÍL-sjóðs

Um miðjan október 2022 kynnti fjármála- og efnahagsráðherra skýrslu um stöðu ÍL-sjóðs (áður Íbúðalánasjóður) þar sem fram kom að ÍL-sjóður geti greitt afborganir og vexti af skuldbindingum sínum til ársins 2034, en eftir þann tíma blasi við greiðslufall sjóðsins. Til að bregðast við þessu skyldu hafnar samningaviðræður við eigendur skuldabréfa ÍL-sjóðs um uppgjör skulda sjóðsins sem miðaðist við greiðslu höfuðstóls auk áfallinna vaxta og verðbóta til uppgjörsdags, en ella væri áformuð lagasetning um slit ÍL-sjóðs á sama grundvelli.

Í framhaldi af tilkynningunni hækkaði ávöxtunarkrafa á markaði og markaðsverð bréfanna féll. Til að mynda lækkaði verð íbúðabréfa í flokki HFF150644 um tæplega 16% og bréf í flokki HFF150434 lækkuðu um rúmlega 8%. Þetta hafði m.a. þau áhrif á LSR að verðmæti þeirra íbúðabréfa sem sjóðurinn færir á markaðsvirði lækkuðu um 2,2 ma.kr. hjá A-deild, 2 ma.kr. hjá B-deild og 62 m.kr. hjá Séreignardeild.

LSR, líkt og aðrir lífeyrissjóðir, er ósammála þeirri afstöðu fjármála- og efnahagsráðuneytisins að eigendaábyrgð ríkisins á skuldbindingum ÍL-sjóðs nái eingöngu til höfuðstóls, áfallinna vaxta og verðbóta miðað við uppgjörsdag. Sjóðirnir hafa unnið saman að viðbrögðum

sínum í þessu máli og er það mat þeirra að hvers kyns ráðstafanir íslenska ríkisins um slitameðferð og uppgjör skuldabréfanna án tillits til vaxtagreiðslna í framtíðinni feli í sér skerðingu eignarréttinda sem brjóti í bága við ákvæði stjórnarskrár og mannréttindasáttmála Evrópu. Um það liggja fyrir ítarlega rökstudd lögfræðialit sem sjóðirnir hafa aflað frá LOGOS lögmannsþjónustu og Róberts Spanó, fyrrverandi forseta Mannréttindadómstóls Evrópu. Enn er óvissa um endanlega niðurstöðu í málefnum ÍL-sjóðs.

Skipurit LSR

Starfsemi LSR fer fram á þremur sviðum: eignastýringu, lífeyris- og lánasviði. Stoðsviðin eru tvö: fjármálasvið og stafræn þróun og rekstur. Svið áhættustýringar heyrir beint undir framkvæmdastjóra og er óháð öðrum starfseiningum sjóðsins.

Framkvæmdastjóri LSR

Harpa Jónsdóttir

Sviðsstjórar LSR

Anna Björk Sigurðardóttir
Lífeyrissvið


Elísabet Þórey Þórisdóttir
Lánasvið

Halla Kristjánsdóttir
Eignastýring

Þorkell Sigurgeirsson
Fjármálasvið

Einar Birkir Einarsson
Stafræn þróun og rekstur

Sveinn Gunnlaugsson
Áhættustýring og innra eftirlit



Lög, samþykktir, stefnur og reglur

LSR starfar eftir lögum nr. 1/1997 um Lífeyris-sjóð starfsmanna ríkisins ásamt almennu lífeyris-sjóðalögunum nr. 129/1997. Sjóðurinn starfar jafnframt eftir Samþykktum fyrir Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, en nýjasta útgáfa þeirra er frá 1. febrúar 2023.

Þessu til viðbótar hefur sjóðurinn sett sér stefnur og reglur sem segja til um ýmsa helstu þætti starfseminnar. Samþykktir sjóðsins, stefnur og reglur eru allar aðgengilegar á vef LSR á slóðinni www.lsr.is/um-lsr/log-og-samthyktir/

Helstu stefnur sem sjóðurinn starfar eftir eru:

Áhættustefna

Skjalfest stefna stjórnar um þá áhættu sem stjórnin er reiðubúin til að taka í rekstrinum í samræmi við markmið og framtíðarsýn sjóðsins.

Fjárfestingarstefnur

Hver deild LSR hefur sína fjárfestingarstefnu þar sem tilgreindar eru þær megináherslur sem unnið er eftir við ávöxtun á fjármunum deildarinnar.

Eigendastefna

Leggur línurnar um aðkomu LSR að þeim félögum sem sjóðurinn fjárfestir í, svo sem val á stjórnarmönnum, mat á stjórnarháttum, ráðstöfun atkvæða á hlut-hafafundum og fleira.

Jafnlaunastefna og jafnréttisáætlun

LSR skuldbindur sig til að greiða sömu laun og kjör fyrir jafnverðmæt störf óháð kyni og segir jafnlaunastefna og jafnréttisáætlun til um hvernig það skuli tryggt.

Starfskjarastefna

Segir til um þau viðmið sem sjóðurinn skal starfa eftir hvað varðar starfskjör starfsfólks.

Stefna um ábyrgar fjárfestingar

Segir til um áherslu LSR á ábyrgar fjárfestingar og hvernig líta skal til umhverfislegra þátta, félagslegra þátta og stjórnarháttar við mat, ákvörðun og eftirfylgni fjárfestinga LSR.

Stjórnarháttayfirlýsing

Segir til um þá stjórnarhætti sem LSR starfar eftir og veitir yfirsýn yfir helstu reglur og stefnur.

Ársreikningar

 [A-deild](#)

 [B-deild](#)

 [Séreign](#)

Annual Report


[!\[\]\(25b2b2b94c29a3b937f2f795560ee20d_img.jpg\) The Annual Report](#)



Overview

Role of the fund

The principal role of LSR is to pay pensions to its members upon retirement and throughout their lives and to ensure their families with a pension following a loss of income due to an impaired ability to work or due to death. The fund receives contributions and invests them in order to meet the liability regarding old-age pension, disability pension, spouse’s pension and children’s allowance. Furthermore, the fund grants loans against a mortgage to fund members and accepts and invests voluntary pension savings.



Assets	(m.ISK)
Total	
Government and municipal bonds	260,775
Government bonds	225,153
Municipal bonds	35,623
Mortgage bonds	177,391
Member loans	114,059
Mortgage bonds and funds	25,990
Covered bonds	37,342
Foreign fixed income	27,734
Foreign fixed income funds	27,734
Other fixed inome	99,897
Corporate bonds	83,683
Financial Institution bonds	9,877
Domestic fixed income funds	6,337
Cash and deposits	53,986
Deposits	47,929
Liquidity funds	6,056
Domestic equities	192,690
Domestic listed equities	179,630
Domestic alternative investments	13,060
Foreign equities	480,053
Foreign listed equities	390,430
Foreign alternative investments	89,623
Total	1,292,525

In 2022, LSR had a total of 30,590 active members and 24,244 members received pensions and other benefits. The fund pays over one-third of all pensions and benefits paid by Icelandic pension funds. LSR operates in three divisions, division A, division B and division S, which is a division for voluntary pension savings. All divisions have the same board but are financially separated from each other.

Return

	2022	2021
Nominal return	-4,6%	15,5%
Net real return	-12,9%	10,0%
Average five year net real return	4,3%	8,3%
Average ten year net real return	4,9%	7,3%

Net investments	(m.ISK)
	Total
Government and municipal bonds	7,945
Government bonds	3,935
Municipal bonds	4,010
Mortgage bonds	4,663
Member loans	1,929
Mortgage bonds and funds	749
Covered bonds	1,985
Foreign fixed income	4,499
Foreign fixed income funds	4,499
Other fixed inome	15,039
Corporate bonds	13,618
Financial Institution bonds	2,277
Domestic fixed income funds	(856)
Cash and deposits	(113)
Deposits	278
Liquidity funds	(391)
Domestic equities	12,898
Domestic listed equities	9,348
Domestic alternative investments	3,550
Foreign equities	27,860
Foreign listed equities	15,146
Foreign alternative investments	12,714
Total	72,790